


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is
Apótek







FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
17. september 2012
218. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



## Engir fordómar
*Hinsegin ferðaþjónustan Pink Iceland annast brúðkaup gagnkynhneigðs pars í fyrsta sinn.*
**popp 30**

## Byrjaði tveggja ára
*Hin fjórtán ára Salka Þorra Svanhvítardóttir býr til skart og selur á Facebook.*
**popp 30**



## Meistarar
*FH tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu í gær.*
**sport 26**

## veðrið í dag




**RIGNING** norðan- og austanlands en slydda eða snjókoma inn til landsins þar. Skýjað með köflum sunnan og vestan til. Strekkingsvindur með norður- og austurströndinni.
**VEÐUR 4**






**SPRENGING Í ÍBÚÐAHVERFI** Sjúkraflutningamenn hlúa að húsráðanda í íbúðinni þar sem sprengingin varð, örstuttu eftir að hún skók hverfið. Fremst til hægri á myndinni sést brak sem þeyttist úr íbúðinni ásamt glerbrotadrífu út á leikvöll, þar sem lítil börn voru að leik örskömmu áður en sprengingin varð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ekkert gefið út um orsök sprengingar

**Öflug sprenging varð í íbúðarhúsi við Ofanleiti í gær. Maður sem var í íbúðinni er í lífshættu. Slökkviliðsmenn segja málið afar óvenjulegt. Fagstjóri sprengjusveitar furðar sig á því að Landhelgisgæslan hafi ekki verið kölluð á vettvang.**

**LÖGREGLUMÁL** Öflug sprenging varð í íbúð við Ofanleiti 17 um ellefuleytið í gærmorgun. Karlmaður á fertugsaldri sem var í íbúðinni var fluttur mikið slasaður á sjúkrahús og var honum haldið sofandi í öndunarvél í gærkvöld. Hann er í lífshættu.

Enn hefur ekkert verið gefið út um orsök sprengingarinnar, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekkert sem liggur fyrir um að eitthvað saknæmt hafi farið fram í íbúðinni sem hafi getað valdið slysinu. Lögreglan tók við rannsókn málsins um klukkan hálftvö í gærdag og lauk vettvangsvinnu tæknideildar þar um sexleytið. Ekki fengust neinar upplýsingar frá lögreglunni um málið í gærkvöldi.

Sigurður Ásgrímsson, fagstjóri sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar, furðar sig á að lögregla hafi ekki kallað Landhelgisgæsluna á svæðið þegar sprengingin varð.

„Það hefði verið eðlilegt að gera það," segir Sigurður. „Ég mun óska eftir því á morgun [í dag] að fá að sjá vettvanginn og afla mér upplýsinga um þetta mál."

Höggið fannst í öllum nærliggjandi húsum þegar sprengingin varð. Glerbrot úr rúðum íbúðarinnar þeyttust allt að hundrað metra frá húsinu, meðal annars yfir leikvöll vestan við bygginguna. Mikil mildi þykir

> Svona ofsalega öflug sprenging og gríðarlegur eldur með miklu sóti strax í kjölfarið er mjög óvenjulegt,
>
> **SIGURBJÖRN GUÐMUNDSSON**
> AÐSTOÐARVARÐSTJÓRI SLÖKKVILIÐSINS

að engir fleiri hafi slasast, en börn höfðu verið að leik á vellinum nokkrum mínútum áður en sprengingin varð.

Svandís Eva Aradóttir var stödd í íbúðinni fyrir ofan þegar sprengingin varð. Hún vaknaði við höggið. „Allir öskruðu: Eldur, eldur," segir hún. „Við opnuðum út á svalir og þá fylltist allt af reyk. Svo fundum við mikla gaslykt."

Slökkvilið kom á vettvang um fimm mínútum eftir að tilkynning barst. Að sögn Rúnars Helgasonar varðstjóra gekk vel að ráða niðurlögum eldsins. Um 20 slökkviliðsmenn komu fljótlega á vettvang en síðan var kallaður út viðbótarmannskapur. Íbúðin er gjörónýt og allt sem í henni var, en eldtungur náðu upp yfir þak beggja vegna hússins með miklum, sótsvörtum reyk. Töluverðar reykskemmdir urðu í nærliggjandi íbúðum og húsið allt var tæmt. Íbúum var boðin áfallahjálp og gisting hjá Rauða krossinum.

Sigurbjörn Guðmundsson, aðstoðarvarðstjóri Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu, segir málið allt hið furðulegasta.

„Svona ofsalega öflug sprenging og gríðarlegur eldur með miklu sóti strax í kjölfarið er mjög óvenjulegt," segir Sigurbjörn. Vægast sagt sé mjög sérstakt að slík sprenging verði í íbúðarhúsnæði.

Að minnsta kosti einn gaskútur var inni í íbúðinni þegar sprengingin varð, en hann var heill þegar slökkvilið kom á staðinn og fjarlægði hann. - **sv** / **sjá síðu 4**

Utanríkisráðherra Dana:

## Vinni að sátt í makríldeilu

**UTANRÍKISMÁL** Danir vilja leggjast á árar við lausn makríldeilunnar, að sögn Villy Søvndals, utanríkisráðherra Danmerkur.

Hann segir Dani í sérstakri stöðu, verandi í Evrópusambandinu og í ríkjasambandi við Færeyjar. „Í krafti okkar stöðu höfum við möguleika á að byggja brú milli deiluaðila," segir Søvndal í viðtali við Fréttablaðið. - **þj, óká** / **sjá síðu 8**



## SPURNING DAGSINS



*Gylfi, var þetta erfið fæðing?*

„Er reggí lagi með þig? Hún var unaðs-leg.“

Gylfi Sigurðsson og félagar í reggísveitinni Ojba Rasta gefa út sína fyrstu plötu í vikunni. Upptökur hófust fyrir tveimur árum síðan, og hafa meðlimir líkt útgáfunni við það að eignast barn.

Gripagreining hjá Náttúrufræðistofnun Íslands á Degi íslenskrar náttúru:

# Mikið af grjóti kom til greiningar

**NÁTTÚRA** Í tilefni af Degi íslenskrar náttúru bauð Náttúrufræðistofnun Íslands upp á gripagreiningar í höfuðstöðvum sínum í Garðabæ og á Akureyri í gær. Almenningi gafst þá kostur á að fá sérfræðinga stofnunarinnar til að greina fyrir sig náttúrugripi á borð við steina, íslenskar plöntur, sjávardýr, fugla og villt spendýr.

Um 20 manns höfðu nýtt sér tækifærið þegar Fréttablaðið bar að garði en samkvæmt starfsmönnum stofnunarinnar höfðu flestir með sér grjót til greiningar. Aldur og tegund grjótsins voru þær spurningar sem brunnu á vörum flestra en sömu sögu var að segja hjá skrifstofum Náttúrufræðistofnunar á Akureyri.



**STEINRUNNIÐ TRÉ** Sigurður Kr. Finnsson mætti með steinrunnið tré sem reyndist um 8-9 milljóna ára gamalt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigurður Kr. Finnsson mætti með steinrunnið tré til greiningar en gripinn fann hann á hreindýraveiðum fyrir nokkrum vikum. „Ég var að fá staðfestingu á því sem ég hélt. Þetta er 8-9 milljóna ára gamalt,“ sagði Sigurður ánægður með svör sérfræðinganna.

Hinn 16. september varð fyrir valinu sem dagur íslenskrar náttúru en það er fæðingardagur Ómars Ragnarssonar sem hefur verið ötull talsmaður íslenskrar náttúru í gegnum tíðina. **-áp**

Illugi gegn Hönnu Birnu:

# Tveir vilja í fyrsta sætið

**STJÓRNMÁL** Illugi Gunnarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins og fyrsti þingmaður flokksins í Reykjavík, hyggst bjóða sig fram til forystu fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík í prófkjöri flokksins fyrir næstu þingkosningar. Frá þessu var greint í fréttum Bylgjunnar í gær.

Þar með er ljóst að í það minnsta tveir vilja leiða flokkinn í Reykjavík í næstu þingkosningum, þar sem Hanna Birna Kristjánsdóttir, hefur einnig sagst sækjast eftir fyrsta sætinu.

Nýtt heimili í Bolungarvík:

# Hjúkrunarheimili rís 2013

**SAMFÉLAGSMÁL** Gert er ráð fyrir því að nýtt hjúkrunarheimili rísi í Bolungarvík á næsta ári. Velferðarráðherra og bæjarstjóri Bolungarvíkur skrifuðu undir samning um bygginguna fyrir helgi.

Hjúkrunarheimilið mun leysa af hólmi eldra húsnæði í bænum, en núverandi húsnæði var tekið í notkun árið 1958. Heimilið verður með tíu rýmum fyrir aldraða og er gert ráð fyrir því að það verði tilbúið í árslok 2013.

Verkefnið verður fjármagnað af Íbúðalánasjóði og er gert ráð fyrir að kostnaðurinn verði innan við 290 milljónir króna. **- þeb**

Minna fer í æskulýðsmálin:

# Framtíð sérstakra sumarbúða í uppnámi

**STJÓRNSÝSLA** Óvíst er hvort að hægt verið að bjóða áfram upp á sérstakar sumarbúðir í Vatnaskógi fyrir drengi með athyglisbrest eftir að ríkið ákvað að fella niður fjárframlög til sumarbúðanna. Þetta var haft eftir framkvæmdastjóra Vatnaskógar í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Í fjárlögum næsta árs, sem kynnt voru í vikunni, er gert ráð fyrir að fjárveiting til æskulýðsmála lækki. Þannig verða til að mynda framlög til Æskulýðsmiðstöðvar KFUM í Vatnaskógi og Útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfljótsvatni felld niður. **- óká**

## SLYS

### Brotnaði við smalamennsku

Karlmaður á fertugsaldri fótbrotnaði við smalamennsku á Fellsströnd í Dalasýslu á laugardag og var hann fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Veður var slæmt þegar slysið átti sér stað og þurfti maðurinn að bíða aðstoðar í hátt í þrjá klukkutíma.



**ERFITT OG FLÓKIÐ** „Það mætti alveg einfalda lífið og færa þessa þjónustu inn í skólana,“ segir Sigurður Jónas Eggertsson. Hann kveður mjög erfitt fyrir foreldra að þeytast um allt með börn í alls kyns greiningar og til sérfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Foreldrar berjast við kerfið fyrir talþjálfun

**Faðir segir stjórnvöld og bæjarfélög þverbrjóta á rétti barna með því að bjóða ekki þeim sem þurfa talþjálfun. Móðir sem kært hefur til úrskurðarnefndar almannatrygginga og velferðarráðuneytisins kveðst tilbúin að „berjast alla leið“.**

**FÉLAGSMÁL** „Það er óskiljanlegt að ekki sé meiri skilningur hjá stjórnvöldum vegna talþjálfunar,“ segir Sigurður Jónas Eggertsson, faðir barns sem er með þroskahömlun og þarf á aðstoð talmeinafræðings að halda.

Eins og sagt var frá í Fréttablaðinu í síðustu viku neitar Hveragerðisbær að greiða niður kostnað vegna talþjálfunar stúlku í bænum. Samkvæmt samningi Sjúkratrygginga Íslands og talmeinafræðinga eiga sveitarfélögin að greiða niður átján tíma talþjálfun barna á ákveðnu tímabili í þjálfunarferlinu skömmu eftir að börnin hefja skólagöngu. Að minnsta kosti sum sveitarfélög neita að greiða og benda á að þau séu ekki aðili að þessum samningi.

Móðir níu ára stúlku í Reykjavík, sem ekki vill láta nafns getið, segir að vegna að máls dóttur hennar hafi verið sendar inn kærur til velferðarráðuneytisins annars vegar vegna synjunar Reykjavíkurborgar og úrskurðarnefndar almannatrygginga hins vegar vegna synjunar Sjúkratrygginga Íslands.

Móðirin bendir á að tími hjá talmeinafræðingi kosti 7.600 krónur. Það muni um slíka upphæð í hverri viku, sérstaklega hjá öryrkjum eins og hún sé. Málið sé afar snúið fyrir fólk á borð við erlenda foreldra barna með talerfiðleika. Kerfið sé frumskógur þar sem auðvelt sé að rekast á hindranir. Sjúkratryggingar borga 80 prósent af gjaldinu fyrir þann fjölda tíma sem stofnunin samþykkir.

„Ég er tilbúin að berjast alla leið fyrir dóttur mína og öll önnur börn sem þurfa á þessu að halda,“ segir móðirin sem kveðst njóta stuðnings umboðsmanns barna og munu fara með málið til umboðsmanns Alþingis ef þörf krefji.

Sigurður Jónas segir að líta verði til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um að það eigi að hafa jafnan rétt til menntunar og aðrir.

„Það finnst öllum sjálfsagt að kenna börnum að lesa og skrifa vel og því er óskiljanlegt að talþjálfun sé þar undanskilin. Talþjálfun eykur mannlega getu, gefur meiri reisn, styrkir sjálfsímynd, bætir félagslega hæfni og jafnvel dregur úr einelti. Hér eru stjórnvöld og bæjarfélög að þverbrjóta á réttindum barna með sérþarfir,“ segir Sigurður sem telur talþjálfun vera sjálfsagðan hluta af kennslu og eiga að vera í boði í öllum skólum landsins. **gar@frettabladid.is**

Félag almennra lækna:

# Misbýður vinnubrögð

**HEILBRIGÐISMÁL** Á aðalfundi Félags almennra lækna, sem haldinn var fyrir helgi, kom fram að félagið teldi þau vinnubrögð velferðarráðherra að hækka laun Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans, forkastanleg.

Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að félagið fagni að ráðherra hafi áttað sig á samkeppnisstöðu íslenskra heilbrigðisstétta og launi vel unnin störf. Að sama skapi sé gengið fram hjá öllu því starfsfólki sem hefur tekist á við aukið álag, skert kjör og óásættanlegar vinnuaðstæður. Félagið telur að almennir læknar eigi að njóta sanngirni og vera umbunað fyrir þá ábyrgð og álag sem starfi þeirra fylgir.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Heiðraði í gær þátttakendur á nýafstöðnu Ólympíumóti fatlaðra í London á Bessastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Móttaka á Bessastöðum:

# Ólympíufarar heiðraðir

**BESSASTAÐIR** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, heiðraði í gær þátttakendur á Ólympíumóti fatlaðra í London með sérstakri móttöku á Bessastöðum. Íþróttafólkinu, fjölskyldum þeirra, þjálfurum og öðrum starfsmönnum sem voru á Ólympíumótinu var boðið til móttökunnar sem og forystu Íþróttasambands fatlaðra og ÍSÍ. Einnig var því íþróttafólki sem áður hefur unnið til gullverðlauna á Ólympíumóti fatlaðra boðið. Sundkappinn Jón Margeir Sverrisson hreppti gullverðlaun fyrir Íslands hönd í London í ár.




Þrjár árásir voru gerðar á alþjóðlegt herlið og Bandaríkjunum var mótmælt:

# Átta konur létu lífið í loftárás

**AFGANISTAN, AP** Að minnsta kosti átta konur og stúlkur létu lífið í loftárás NATO í héraðinu Laghman í Afganistan í gær. Minnst sjö til viðbótar slösuðust.

Talsmenn NATO hafa beðist afsökunar á því að óbreyttir borgarar hafi látið lífið. Hamid Karzai, forseti Afganistan, fordæmdi árásina.

Þá voru þrjár árásir gerðar á alþjóðlega hermenn í landinu um helgina. Sú fyrsta varð á föstudagskvöld, þegar fimmtán uppreisnarmenn dulbúnir í bandarískum herbúningum myrtu tvo hermenn, særðu níu aðra og eyðilögðu sex herþotur. Á laugardag skaut maður í öryggisvarðarbúningi tvo breska hermenn til bana í Helmand-héraði.

Blóðugasta árásin varð svo á sunnudag við eftirlitsstöð í Zabul-héraði, sunnarlega í landinu, þegar fjórir bandarískir hermenn voru myrtir. Hermennirnir ætluðu að koma afgönskum lögreglumönnum til hjálpar þegar lögreglumaður eða menn réðust gegn þeim. Einn lögreglumannanna lét lífið en aðrir lögreglumenn á staðnum flúðu.



**MÓTMÆLT Í KABÚL** Mótmælendur kveiktu í fánum og skopmyndum af Barack Obama Bandaríkjaforseta í mótmælum í Kabúl. Kvikmynd um Múhameð spámann var mótmælt víða um landið eins og annars staðar í múslímaríkjum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Talíbanar héldu því fram að árásin á föstudag hefði verið hefnd fyrir bandaríska myndina um Múhameð spámann, sem hefur valdið miklum mótmælum víða um heim. Á sunnudag komu svo hundruð háskólanema saman í Kabúl til að mótmæla myndinni auk þess sem mótmælt var víðar í landinu. **- þeb**

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Helgarferðir
## með VITA í haust











## DUBLIN
### ÍRLANDI

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

**Verð frá 79.800 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Camden Court í 4 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 89.800 kr.

25. - 29. okt.
4 nætur

## MADRID
### SPÁNI

Madrid er borg menningar og listar, fótbolta og mannlífs, og það fram á rauða nótt. Borg sem kemur skemmtilega á óvart með breiðstræti sín, öngstræti, göngugötur, listasöfn og svo að sjálfsögðu H&M.

**Verð frá 88.100 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Husa Princesa í 3 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 98.100 kr.

11. - 14. okt.
3 nætur

## SEVILLA
### SPÁNI

Sevilla er höfuðborg Andalúsíu. Þróttmikil og lifandi borg með sjarmerandi göngugötum, tapas-börum, iðandi mannlífi og flottum verslunum. Risastór El Corte Ingles vöruhús og auðvitað H&M.

**Verð frá 81.200 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Novotel í 3 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 91.200 kr.

5. – 8. okt.
3 nætur

## EDINBORG
### SKOTLANDI

Fallegasta borg Skotlands og umfram allt einstaklega þægileg. Gott að versla og allt í göngufæri. Heillandi borgarstæði, fallegar byggingar og tignarlegur Edinborgarkastali.

**Verð frá 79.300 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Mercure Edinburgh City (áður Mount Royal) í 3 nætur 18. okt.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 89.300 kr.

4. og 18. okt., 1. og 15. nóv.
3 eða 5 nætur

Öll verð eru á mann í tvíbýli. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 61068 09/12

## GENGIÐ 14.09.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,65 | 121,23 |
| Sterlingspund | 195,91 | 196,87 |
| Evra | 157,91 | 158,79 |
| Dönsk króna | 21,178 | 21,302 |
| Norsk króna | 21,268 | 21,394 |
| Sænsk króna | 18,4 | 18,508 |
| Japanskt jen | 1,5457 | 1,5547 |
| SDR | 186,8 | 187,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,0412

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Útvegsmenn segja aðrar aðgerðir en löndunarbann brot á EES-samningnum:

# Nær bara til löndunar á makríl

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það eina sem Evrópusambandinu er heimilt að gera er að beita löndunarbanni á íslensk fiskiskip sem eru á makrílveiðum en allar aðgerðir umfram það, innflutningsbann eða slíkt, eru skýrt brot gegn EES-samningnum, segir Friðrik Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.

Á heimasíðu sambandsins segir að heimild til refsiaðgerða sem Evrópuþingið samþykkti sé almenns eðlis og beinist því ekki eingöngu gegn Íslendingum, heldur öllum ríkjum sem talin eru stunda ofveiði á sameiginlegum fiskistofnum. Þá taki hún eingöngu til þeirra tegunda sem talið er að séu ofveiddar og annars afla sem veiddur er í sömu veiðiferð. Því sé ekki hægt að halda því fram að innflutningsbann verði sett á allar íslenskar sjávarafurðir á grundvelli heimildarinnar.

Friðrik segir fráleitt að saka Ísland um ofveiði. „Við höfum ítrekað lagt fram tillögur um að allir dragi úr veiðum svo ekki verði veitt umfram ráðgjöf. En það hlýtur við auðvitað að fá sanngjarnan hlut eins og aðrir. Það er mikilvægt að það fari fram endurmat á makrílstofninum því gera má ráð fyrir að stofninn sé mun stærri en mælingar vísindamanna benda til," segir Friðrik. **- shá**



**LANDAÐ Í EYJUM** Löndunarbann á íslensk fiskiskip á makrílveiðum er það eina sem refsireglur ESB leyfa.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Fundu amfetamín við húsleit:

## Húsráðandinn tengist Outlaws

**LÖGREGLUMÁL** Lagt var hald á nokkra tugi gramma af efni sem talið er vera amfetamín við húsleit lögreglu á höfuðborgarsvæðinu á laugardagskvöld. Einnig fundust peningar sem taldir eru afrakstur fíkniefnasölu.

Fram kemur í tilkynningu lögreglu að húsráðandi, kona á þrítugsaldri með tengsl við vélhjólagengið Outlaws, hafi verið handtekin í þágu rannsóknarinnar. Konan er sögð hafa komið áður við sögu hjá lögreglu vegna fíkniefnamála. **- óká**



**Á DEKKI** 100 þúsund tonn fóru á þurrt í ágúst.

Heildarafli fiskiskipa í ágúst:

## Tonnin færri en virðið eykst

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra skipa nam 100.401 tonni í ágúst sem er um 1,6% minni afli en í ágúst 2011 þegar aflinn nam 109.814 tonnum. Þótt aflinn minnki hefur hann aukist um 15,8% miðað við sama tímabil 2011, sé hann metinn á föstu verði, að því er fram kemur á vef Hagstofunnar.

Afli uppsjávartegunda nam tæpum 76.600 tonnum, en 83.300 tonn af uppsjávarafla veiddust í ágúst 2011. Rúmum 54.700 tonnum var landað af makríl í ágústmánuði, samanborið við 58.900 tonn í ágúst 2011. Um 19.800 tonn veiddust af síld sem er samdráttur frá fyrra ári um 4.000 tonn. **- shá**

### LÖGREGLUMÁL

**Farþegi fluttur á slysadeild**

Farþegi bifreiðar var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild eftir árekstur í Kópavogi klukkan níu á laugardagsmorgun. Ökumaður bílsins var hins vegar fluttur á lögreglustöð og vistaður í fangageymslu grunaður um að vera undir áhrifum áfengis og fíkniefna.

### LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn formanns Sjúkraliðafélags Íslands í tilvitnun sem fylgdi frétt í helgarblaði Fréttablaðsins. Rétt nafn formanns Sjúkraliðafélagsins er Kristín Á. Guðmundsdóttir.

# Undrast að ekki hafi verið leitað til sprengjusveitar

**Lögregla rannsakar nú tildrög öflugrar sprengingar við Ofanleiti í gær. Maður slasaðist lífshættulega í slysinu. Nauðsynlegt að taka svona löguðu alvarlega, segir fagstjóri sprengjudeildar Landhelgisgæslunnar.**

**LÖGREGLUMÁL** Enn er allt á huldu um orsök öflugrar sprengingar í Ofanleiti í gærmorgun. Íbúi í húsinu liggur lífshættulega slasaður á Landspítalanum eftir atvikið. Lögregla lauk vettvangsvinnu um sexleytið í gær, en hefur enn ekkert gefið út um tildrög sprengingarinnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekkert sem liggur fyrir um að eitthvað saknæmt hafi farið fram í íbúðinni sem hefði getað valdið slysinu.

Ingvar Ágústsson var staddur í Ofanleiti þegar sprengingin varð og var hann fyrstur á vettvang. Hann sá mann standa í stofu íbúðarinnar og hljóp til hans til að aðstoða hann við að koma sér út.

Að sögn Ingvars var ekki mikill eldur í íbúðinni á þessu stigi, að undanskildum logum í hljómflutningsgræjum og litlum logum í eldhúsi. Hann slökkti eldinn strax í raftækjunum og reyndi svo að beina manninum út. Veggur sem skildi að stofu og svefnherbergi hafði hrunið inn í stofuna og ofan á sófann.

„Næsta hugsun var að koma honum út. En veggurinn blokkeraði gönguleiðina ásamt sófanum, en ég náði að þrykkja sófanum til og hann labbaði svo út sjálfur," segir Ingvar. Hann ræddi ekkert við manninn, sem var augljóslega í miklu losti. Hann náði þó að tjá honum að hann væri einn í íbúðinni ásamt hundinum sínum, sem slapp ómeiddur úr sprengingunni.

„Það eina sem ég sá var gaskútur í eldhúsinu," segir hann. „Það var enginn eldur í stofunni þegar við komum að þessu. Mér finnst heldur ólíklegt að sprengingin hafi orðið þar, þar sem veggurinn hrundi inn í hana, en ekki öfugt."

Sigurður Ásgrímsson, fagstjóri sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar, furðar sig á að lögregla hafi ekki kallað Landhelgisgæsluna á svæðið þegar sprengingin varð.

„Það hefði verið eðlilegt að gera það," segir Sigurður. „Ég mun líklega óska eftir því á morgun [í dag] að fá að sjá vettvanginn og afla mér upplýsinga um þetta mál."

Sigurður segir erfitt að segja til um orsakir sprengingarinnar án þess að hafa séð svæðið. Hann segir þó að miðað við það sem hann sá í fréttum hafi verið einkennilegt hversu mikill eldur blossaði upp í kjölfar sprengingarinnar.

„Það er yfirleitt ekki svo í gassprengingum, þær eru hreinni og sneggri. En hvort það hafi verið einhver önnur efni í íbúðinni sem voru svona mikill eldsmatur er erfitt að segja til um," segir hann. „Þetta er allt mjög einkennilegt. Mjög undarlegt. Ég mun kanna þetta mál á morgun [í dag] til að heyra hvað lögreglan telur að þetta hafi getað verið. Það er mjög nauðsynlegt fyrir okkur að vera upplýstir í öllu svona. En það vantar upp á hér á landi að menn taki svona löguðu alvarlega."

Sigurður segir gas vissulega vera fyrstu hugmyndina sem komi upp í svona sprengingum.

„En þessi eldur og svarti reykur gerir það mjög einkennilegt," segir hann. „Leifar af gaskúti ættu þá að finnast í íbúðinni ef það hefur verið orsökin."

sunna@frettabladid.is







**ÖFLUG SPRENGING** Fljúgandi brak úr íbúðinni skemmdi bíla tugi metra frá fjölbýlishúsinu. Borgarstarfsmenn fóru strax í að hreinsa upp glerbrot, sem höfðu dreifst víða um hverfið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Íbúum boðið í Rauða krossinn

Íbúum í Ofanleiti 17 og 19 var boðið upp á hressingu og áfallahjálp í húsnæði Rauða krossins um eittleytið í gær eftir að húsin voru rýmd. Að sögn Jóns Brynjars Birgissonar hjá Rauða Krossinum komu um 15 manns úr húsunum til að fá upplýsingar, en þeim var einnig boðin gisting ef þörf var á.

„Þau mega ekki fara heim til sín strax, en mér sýnist langflestir vera komnir með gistingu," segir Jón Brynjar. „Okkar hlutverk núna er að hlusta á þau og veita þeim upplýsingar. Svo höfum við samband við íbúana nokkrum dögum síðar til að kanna hvernig þeim hefur reitt af."


# BRIDS SKÓLINN




Byrjendur... 24. sept. ... 8 mánudagar frá 20-23
Framhald ... 26. sept. ... 8 miðvikudagar frá 20-23

- Á haustönn er boðið upp á námskeið fyrir byrjendur og NÝTT framhaldsnámskeið um úrspil sagnhafa.
- Hægt er að mæta stakur, í pari eða í hóp.
- Námskeið skólans eru haldin í húsnæði Bridssambands Íslands, Síðumúla 37 í Reykjavík.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Sjá nánar á Netinu undir bridge.is/fræðsla.

Uppl. og innritun í síma 898-5427 frá 13-18 daglega.


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**NORÐANÁTT** verður ríkjandi næstu daga með minnkandi úrkomu norðan- og austanlands en björtu veðri sunnan og vestan til. Um miðja viku gæti orðið bjartviðri mjög víða um land en svo lítur út fyrir sunnanátt með rigningu þegar líður að næstu helgi.



**Á MORGUN**
Strekkingur eða allhvasst austan til annars hægari.

**MIÐVIKUDAGUR**
Allhvasst með NA-ströndinni annars fremur hægur vindur.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 19° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 24° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 17° |
| París | 25° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ÓDÝRUSTU PIZZURNAR Í BÓNUS




**698 kr.**
3 pizzur*

*Einungis 233 kr. hver pizza.

**BÓNUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú keypt rafbók?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 14,2% |
| NEI | 85,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér launahækkun forstjóra Landspítalans réttlætanleg?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is.

vísir

Stóru sjónvarpstæki stolið úr íbúð í Vestmannaeyjum og svo kveikt í:

# Rannsaka íkveikju og þjófnað

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Vestmannaeyjum rannsakar nú þjófnað og íkveikju í íbúð í Vestmannaeyjum. Enginn hefur verið handtekinn vegna málsins.

Lögreglan fékk tilkynningu um eld í íbúð við Vestmannabraut um klukkan 6.30 á laugardagsmorgun. Mikill hiti og reykur var í íbúðinni þegar slökkvilið og lögregla komu á staðinn, en íbúðin var mannlaus. Vel gekk að slökkva eldinn og reykræsta íbúðina, en miklar skemmdir urðu af völdum reyks og sóts.

Að sögn lögreglu er ljóst að brotist var inn í íbúðina og 46 tommu sjónvarpi stolið. Þá kom eldurinn upp á tveimur stöðum sem bendir eindregið til íkveikju.

Lögreglan biður þá sem gætu haft einhverjar upplýsingar um málið eða urðu varir við mannaferðir á þessum tíma um að hafa samband í síma 481-1665 eða 480-1010. - þeb



**SÓFINN BORINN ÚT** Slökkviliðsmenn báru muni út úr íbúðinni eftir að eldurinn hafði verið slökktur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Átakinu lauk um helgina:

# Söfnuðu nærri 100 milljónum

**GÓÐGERÐARMÁL** Tæpar 100 milljónir króna söfnuðust í söfnunarátakinu á Allra vörum, en því lauk með söfnunarþætti sem fram fór í beinni útsendingu á Rás 2 og í Sjónvarpinu á laugardagskvöld.

Í tilkynningu frá aðstandendum átaksins kemur fram að upphæðin sem safnaðist hafi bæði verið fengin með frjálsum framlögum og sölu á varaglossi.

Fjármununum var safnað fyrir byggingu stuðningsmiðstöðvar fyrir langveik börn með ólæknandi sjúkdóma. - óká






**FUNDUR AUÐLINDASTEFNUNEFNDAR Í ÁGÚST Í FYRRA** Skýrsla auðlindastefnunefndar verður kynnt í dag, mánudag. Þegar hefur verið hrint í framkvæmd ýmsum tilmælum úr skýrslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þegar er unnið út frá nýrri auðlindastefnu

**Auðlindastefna stjórnvalda liggur fyrir með lokaskilum Auðlindastefnunefndar. Skýrslan verður kynnt í dag. Þegar er unnið að frumvarpsgerð innan ráðuneytanna í anda hennar. Horfið er frá stofnun sérstaks auðlindasjóðs í bili.**

**FJÁRMÁL** Þegar er hafin frumvarpsgerð innan ráðuneyta um hvernig auðlindastefna stjórnvalda verður innleidd. Stefnan liggur nú fyrir en Auðlindastefnunefnd skilar lokaskýrslu sinni í dag. Horfið er frá stofnun Auðlindasjóðs, tímabundið, en í þess stað verður stofnaður Auðlindareikningur sem hefur með höndum að ráðstafa auðlindaarði á sýnilegan hátt.

Vinna Auðlindanefndar hefur frá skipun snúist um hvernig handhafar sérleyfa eru valdir, til hve langs tíma leyfin gilda og hvernig mögulegum umframarði, auðlindarentu, er skipt milli sérleyfishafa og þjóðarinnar. Búið er að byggja upp rannsóknir og ráðgjöf vegna ákvarðana um verndun og nýtingu auðlinda auk eftirlits.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er unnið að stofnun miðstöðvar auðlindaumsýslu í fjármálaráðuneytinu, en það er gerlegt án lagasetningar, og er innan ráðuneytisins unnið að frumvarpi um fjárreiðulög þar sem auðlindareikningur kemur fram.

Í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu er hafin vinna við að skoða nýtingartíma orku- og vatnsauðlindarinnar. Auðlindastefnan snertir beint lengd nýtingarsamninga í nýjum lögum um stjórn fiskveiða, svo dæmi sé tekið. Er ekki annað að skilja en mælt sé með styttri nýtingarsamningum en rætt hefur verið um til þessa.

Í skýrslunni, sem í raun markar auðlindastefnu stjórnvalda, er ekki gert ráð fyrir sjóðssöfnun í Auðlindasjóð, heldur að arðinum verði strax ráðstafað með sýnilegum hætti í verkefni og málaflokka af fjárveitingavaldinu. Unninn verður auðlindareikningur þar sem birtar verða tekjur þjóðarinnar af auðlindum sínum, sem eru í eigu eða í umsjón ríkisins. Gert er ráð fyrir að auðlindareikningurinn verði hluti ríkisreiknings og fjárlaga og birtur sérstaklega með fjárlagafrumvarpi hvers árs ásamt greinargerð.

Auðlindasjóðurinn, sem lengi hefur verið í umræðunni, gæti þó komið til ef arður myndast af auðlind eins og olíu á Drekasvæðinu. Þá er mælt með að frumkvæði verði haft að stofnun sjóðs sem farið yrði með í anda líkra erlendra sjóða. Er norski olíusjóðurinn sérstaklega nefndur.

Auðlindastefnunefnd ályktar að ákvæði um ævarandi þjóðareign á auðlindum verði sett í stjórnarskrá Íslands. svavar@frettabladid.is

### Arður til að efla innviði og atvinnulíf

Nefndin bendir á að í ljósi þess að auðlindaarður verður til víða um land sé sjálfsagt og eðlilegt að tryggja að hluti auðlindaarðsins renni til verkefna í þessum samfélögum, ekki síst til eflingar innviða og fjölbreyttara atvinnulífs. Með þeim hætti getur auðlindaarðurinn orðið undirstaða öflugri byggða og atvinnulífs um land allt. Slík ráðstöfun er einnig mikilvæg til að tryggja sátt um fyrirkomulag auðlindamála.







Ungmenni í Gylfaflöt gefa börnum í Kvennaathvarfinu brúður:

# Brúður með þýðingarmikil augu

**SAMFÉLAGSMÁL** Kvennaathvarfið stendur nú fyrir tölusölu í fjáröflunarskyni til þess að unnt sé að flytja starfsemi athvarfsins í stærra og hentugra húsnæði. Þörfin er brýn enda eru aðeins fjögur svefnherbergi í núverandi húsnæði athvarfsins þar sem rúmlega hundrað konur hafa dvalið ár hvert undanfarin ár, þar af um þriðjungur með eitt eða fleiri börn með sér.

Jóna Sólveig Elínardóttir, verkefnisstýra átaksins, segir átakið hafa farið vel af stað en auk þess sem tölusalan er lífleg hafa athvarfinu í vikunni einnig borist nokkrir myndarlegir fjárstyrkir.

Í vikunni var einnig haft samband við athvarfið frá Dagþjónustunni Gylfaflöt þar sem fatlað fólk á aldrinum 16 til 25 ára dvelur til þess að þjóða börnum sem dvelja í athvarfinu glaðning. „Börnin sem fylgja mæðrum sínum í Kvennaathvarfið eru augasteinar allra sem þar starfa. Einmitt þess vegna vorum við í skýjunum þegar hringt var frá Dagþjónustunni Gylfaflöt og okkur sagt að þar ætti að útbúa tíu brúður sem hefðu augu úr tölum Kvennaathvarfsins,“ segir Jóna Sólveig.

Megináhersla í starfi Gylfaflatar er á tómstundir og þar er meðal annars starfrækt listasmiðja sem gengur undir nafninu Smiðjan en það var þar sem brúðurnar voru búnar til.

Átak Kvennaathvarfsins „Öll með tölu“ stendur fram til 23. september. -ss



**GEFA BRÚÐUR** Unga fólkið í Dagþjónustunni Gylfaflöt hefur útbúið brúður með augum úr fjáröflunartölum Kvennaathvarfsins. Brúðurnar ætla þau að gefa börnum sem dvelja í athvarfinu.

MEIRA Á UU.IS

— ÓTRÚLEGT —

# Skíðastökk

HEFST Í DAG MÁNUDAGINN 17. SEPTEMBER KL. 12:00



## ÓTRÚLEGT VERÐ!

**69.900 KR.-**

Beint flug til og frá Verona með sköttum!

Brottfarir: 2. febrúar, 9. febrúar og 16. febrúar

Ákvörðunarstaðir Úrvals Útsýnar á skíðaferðum eru:

**CANAZEI, MADONNA OG SELVA!**

**CANAZEI**

FLUG + GISTING Í VIKU

**129.900 KR.-***

verð á mann m.v. 2 fullorðna á Villa Rosella í tvíbýli með morgunmat í viku.

**Brottför:** 2. febrúar 2013

ÚRVAL·ÚTSÝN

BÓKAÐU NÚNA Á UU.IS

ÓDÝRUSTU SÆTIN BÓKAST FYRST!



**ATHUGIÐ! TILBOÐINU LÝKUR Á MORGUN 18. SEPTEMBER KL. 12:00**

Við hjá Úrvali Útsýn tökum þessa dagana á móti bókunum frá hundruða Íslendinga sem stefna á skíðaferðir í vetur. Við höfum áratuga reynslu og bjóðum upp á vinsælustu skíðasvæðin í Ítalíu, Canazei, Madonna Di Camiglio og Selva val Gardena. Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að fara í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur við sitt hæfi í Ölpunum.

*** Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Miðast við að bókað sé á netinu.**

ÚRVAL·ÚTSÝN

Úrval Útsýn | Lágmúla 4, 108 Reykjavík | 585 - 4000 | urvalutsyn.is

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvað er mesta magn kókaíns sem vitað er um að reynt hafi verið að smygla innvortis til landsins?*

**2.** *Hvar fann lögregla amfetamínframleiðslu í bílskúr fyrir helgi?*

**3.** *Hvenær hefst málflutningur í Icesave-málinu?*

**SVÖRIN**

*__1.__ 1,3 kíló sem Þjóðverji nokkur reyndi að smygla í ágústlok. __2.__ Við Efstasund í Langholtshverfi. __3.__ Á morgun, þriðjudag.*

Tilraun hjá sænska ríkinu:

## Svíar fá áfengið í heimsendingu

**SVÍÞJÓÐ** Áfengisverslun sænska ríkisins hefur ákveðið að hefja heimsendingu á áfengi í tilraunaskyni á sex stöðum í landinu.

Tilraunin er svar áfengisverslunarinnar við auknum innkaupum í gegnum internetið, að sögn forstjórans Magdalenu Gerger. Hún segir að tryggt verði að þeir sem fái áfengi heimsent hafi náð lögaldri.

Heimsendingin mun kosta í kringum 250 sænskar krónur, eða um 5.500 íslenskar krónur. - þeb

Ráðuneyti veitir verðlaun:

## Beita sér í þágu náttúrunnar

**UMHVERFISMÁL** Rúnar Pálmason, blaðamaður Morgunblaðsins, hlaut í gær fjölmiðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem veitt voru í tilefni af Degi íslenskrar náttúru. Svandís Svavarsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra veitti Rúnari verðlaunin fyrir umfjöllun hans um akstur utan vega og umgengni við náttúru Íslands.



RÚNAR PÁLMASON

Hjörleifur Guttormsson fékk við sama tækifæri Náttúruviðurkenningu Sigríðar í Brattholti fyrir baráttu sína fyrir verndun náttúru Íslands. - áp

**FRÉTTAVIÐTAL: Villy Søvndal, utanríkisráðherra Danmerkur**

# Leið Íslands getur verið fyrirmynd annarra þjóða

**Villy Søvndal, utanríkisráðherra Danmerkur, sótti Ísland heim í lok síðustu viku. Í samtali við Fréttablaðið segir hann upprisu Íslands eftir hrun hafa komið ánægjulega á óvart og önnur lönd líti til þess hvernig til hafi tekist. Hann segist aukinheldur vonast til þess að pólitísk lausn finnist á makríldeilunni, þar sem Danir eru í sérstakri stöðu sem ESB-land og einnig í ríkjasambandi við Færeyjar.**

Søvndal tók við embætti fyrir tæpu ári eftir sigur vinstri flokkanna í þingkosningunum. Hann hefur leitt Sósíalíska þjóðarflokkinn (SF) frá árinu 2005, en sagði af sér formannsembættinu fyrir nokkrum dögum. Hann segist oft hafa millilent hér á landi á leið til Grænlands, en hefur ekki staldrað lengi við hér áður.

„Ég hef haft standandi heimboð frá góðvini mínum Steingrími J. Sigfússyni, og það gleður mig að koma loks, enda tengi ég Ísland við heitar uppsprettur, íslenska hestinn og mjög fallega náttúru."

Søvndal hitti nokkra af ráðamönnum Íslands hér á landi, til dæmis starfsbróður sinn Össur Skarphéðinsson.

„Við ræddum nokkur af okkar helstu málum. Til dæmis tengslin við ESB, þar sem við Danir vorum í forystu fyrri hluta ársins. Við viljum gjarnan greiða götu Íslands í þeim efnum, ef Íslendingar ákveða að fara þá leið, sem er að sjálfsögðu ákvörðun íslensku þjóðarinnar. Þá viljum við gjarna hjálpa til við að leysa makríldeiluna og vera milligönguaðili ef við getum. Þá ræddum við að sjálfsögðu málefni norðurslóða þar sem við höfum brýnna sameiginlegra hagsmuna að gæta."

Søvndal bætir því við að Danmörk og Ísland hafi annars mjög nána samvinnu á alþjóðavettvangi þannig að á allt litið sé margt fram undan í þeim málum.

**Upprisa Íslands fyrirmynd**

Ráðherrann hitti einnig Katrínu Jakobsdóttur menningar- og menntamálaráðherra og varaformann Vinstri grænna, sem er systurflokkur SF. Meðal þess sem barst í tal var staðan á Íslandi fjórum árum eftir hrun.

„Okkur finnst afar mikið koma til þess hvernig Ísland, sem var eitt af þeim löndum sem urðu hvað verst úti eftir fjármálahrunið 2008, hefur náð sér á strik á ný. Íslendingar hafa náð frábærum árangri frá hruni og ríkisstjórnin á hrós skilið. Íslenska ríkið virðir sínar skuldbindingar, en á sama tíma er hér hagvöxtur sem er meiri en við í Danmörku getum státað okkur af, og atvinnuleysið er að minnka, og það er vel að verki staðið."

Aðspurður um efnahagsþrengingarnar sem Danir kljást við um þessar mundir játar Søvndal að þar í landi geti menn lært eitt og annað af reynslu Íslands.

> ...við munum tvímælalaust verja hagsmuni Færeyja ef deilan kemur til kasta Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).
>
> **VILLY SØVNDAL**
> UTANRÍKISRÁÐHERRA DANMERKUR

„Já, klárlega. Við Steingrímur höfum hist margoft og rætt þessi mál, enda góðir vinir, síðast í Ósló fyrir um mánuði síðan. Mér finnst Ísland geta verið góð fyrirmynd fyrir önnur ríki þar sem leiðin út úr kreppunni hefur verið hagvöxtur og atvinnusköpun með mikla áherslu á aukið félagslegt réttlæti í gegnum skattabreytingar og nútímavæðingu íslensks samfélags. Ég er viss um að allir geri sér grein fyrir þeim hremmingum sem Ísland hefur gengið í gegnum og að Ísland er viðurkennt á alþjóðavettvangi sem fyrirmynd að því hvernig hægt er að beita ábyrgum leiðum til að komast út úr kreppu."

**Sáttasemjari í makríldeilu**

*Danmörk er í sérstakri stöðu í makríldeilunni milli ESB og Noregs annars vegar, og Færeyja og Íslands hins vegar. Er ekki erfitt að samþætta hlutverk sitt sem ESB-ríki því að eiga náið samband við Ísland og vera meira að segja í ríkjasambandi við Færeyjar?*

„Það má segja að einmitt í krafti okkar stöðu höfum við möguleika á að byggja brú milli deiluaðila og sjá til þess að deilan verði leyst með pólitísku samkomulagi og málamiðlun þannig að ekki muni reynast þörf á að grípa til refsiaðgerða. Við höfum einnig sérstökum skyldum að gæta gagnvart Færeyingum í formi ríkjasambandsins, þannig að við munum tvímælalaust verja hagsmuni Færeyja ef deilan kemur til kasta Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

*En ef refsiaðgerðir á vegum ESB verða að veruleika?*

„Ef gripið verður til einhvers konar viðurlaga vegna málsins, leggjum við áherslu að þau verði innan sanngirnismarka, í samræmi við aðstæður og einungis tengd makríldeilunni. En við vonumst svo sannarlega til þess að ekki muni koma til þess og við biðlum til allra málsaðila um að pólitísk lausn finnist á málinu."



**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



**FYRSTA ÍSLANDSHEIMSÓKNIN** Villy Søvndal, utanríkisráðherra Danmerkur, hafði stutta viðdvöl á Íslandi þar sem hann ræddi meðal annars við Össur Skarphéðinsson og Katrínu Júlíusdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Stígur til hliðar úr formannsstól**

Villy Søvndal er fæddur árið 1952 og er kennari að mennt. Hann starfaði sem slíkur til ársins 1992 þegar stjórnmálaferillinn tók við. Þá hafði hann þegar verið virkur í verkalýðshreyfingunni um árabil.

Hann settist á þing fyrir SF sem fullgildur þingmaður árið 1994 og tók við formannssætinu í flokknum árið 2005. Hann bast Helle Thorning-Schmidt, formanni Jafnaðarmannaflokksins, tryggðaböndum í aðdraganda þingkosninganna í fyrrahaust og þrátt fyrir að SF missti sjö þingmenn tók vinstri stjórn við taumunum og Søvndal fékk embætti utanríkisráðherra. Þetta er í fyrsta sinn sem SF fær sæti í ríkisstjórn.

Fyrir nokkrum dögum ákvað hann að draga sig í hlé sem formaður flokksins, að eigin sögn til að hleypa nýju fólki að fyrir næstu kosningar, en hann hyggst þó áfram sinna utanríkisráðherraembættinu.


www.volkswagen.is




Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstureiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Caddy* kostar aðeins frá
2.950.000 kr.
(kr. 2.350.597 án vsk)

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Atvinnubílar

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA




www.promennt.is

# HAGNÝT BÓKHALDSNÁMSKEIÐ

**Hjá Promennt er boðið upp á hagnýt bókhaldsnámskeið, bæði fyrir þá sem þurfa á grunnþjálfun að halda – en einnig fyrir lengra komna, sem vilja bæta við þekkinguna eða ná meiri færni. Einnig er boðið upp á ýmis bókhaldstengd sérnámskeið, svo sem fjárhagsbókhald í Navision, tollskýrslugerð og fleira.**

## BÓKHALD 1

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl. Námið er metið til eininga.
**Helstu viðfangsefni:** Verslunarreikningur, VSK-reglur og skýrslur, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.

Lengd: **115 std.** • Verð: **109.000 kr.** • Hefst: **10. október**
Boðið er upp á morgun- og kvöldnámskeið.

## BÓKHALD 2

Einstaklega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi. Hentar þeim sem hafa bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi og vilja ná frekari skilningi og færni í bókhaldi. Kennsla fer fram í formi verklegra æfinga.
**Helstu viðfangsefni:** Fjárhagsbókhald, upprifjun og flóknar færslur, VSK-uppgjör og leiðréttingarskýrslur, launabókhald, útreikningur launa, lífeyrissjóður og skattur, launamiðar, launaframtal og skil til skatts. Afstemmingar, lokafærslur og skil á bókhaldi til endurskoðenda, uppsetning rekstrar- og efnahagsreikninga og lestur ársreikninga.

Lengd: **90 std.** • Verð: **109.000 kr.** • Hefst: **2. október**
Boðið er upp á morgun- og kvöldnámskeið.

## EXCEL – FRAMHALD

Framhaldsnámskeið í Excel þar sem þátttakendur munu læra hvernig beita má Excel á stórar töflur og vinna úr gögnum á fjölbreyttan hátt, m.a. með Pivot töflum og gröfum, ásamt notkun Excel við flóknari verkefni og til útreikninga. Að auki verða tekin fyrir nokkur gagnleg fjármálaföll, uppfletti- og leitarföll ásamt Data Tools verkfærunum. Áhugasömum gefst færi á að skyggnast í Excel 2013.

Lengd: **15 std.** • Verð: **29.900 kr.** • Hefst: **20. september**

Skráning fer fram á vefnum okkar **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

## NAVISION – FJÁRHAGSBÓKHALD

Nám ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunn að byggja á eða hafa t.d. lokið bókhaldsáföngum í framhaldsskóla. Aðalmarkmið er að þjálfa fólk til starfa við tölvubókhald í Navision og kenna meðferð bókhaldsgagna og uppbyggingu bókhaldslykla í tölvu. Leiðréttingar, millifærslur, reikningsjöfnuður og afstemmingar. Fylgiskjöl nokkurra mánaða færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum lista, aðalbókar, efnahags- og rekstrarreikninga.

Lengd: **47 std.** • Verð: **54.000 kr.** • Hefst: **7. nóvember**
Boðið upp á morgun- og kvöldnámskeið.

## TOLLSKÝRSLUGERÐ

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna. Kynntar eru helstu reglur er varða innflutning, innflutningstakmarkanir og undanþágur. Farið er yfir fylgiskjöl með vörusendingum (hvaða tilgangi þau þjóna við innflutning og gerð tollskýrslna), myndun tollverðs og útreikning aðflutningsgjalda. Kynntir eru fríverslunarsamningar og notkun tollskrárinnar.

Lengd: **21 std.** • Verð: **28.000 kr.** • Hefst: **28. nóvember**
Boðið er upp á morgun- og kvöldnámskeið.

> ***Ég var mjög ánægð með námskeiðið í Bókhaldi I og Excel. Frábært að geta verið bara heima og lært í gengum netið. Það var líka svo gott að geta nýtt sér sveigjanleikann í mætingu eins og t.d. fyrir mig þar sem ég er í vaktavinnu. Ekkert mál að svissa á milli morgun- og kvöldtíma eftir því hvað hentaði minni vinnu. Síðan eru þarna frábærir kennarar sem komu öllu efni frá sér á mjög skýran hátt en leyfðu samt sem áður þeim sem voru fljótari að ná hlutunum eða með meiri þekkingu að njóta sín. Ég er í alla staði mjög ánægð með þjónustuna hjá Promennt og á klárlega eftir að nýta mér það að fara á fleiri námskeið.***
> *Sólveig Pétursdóttir (Bókhald 1 og Excel)*

MICROSOFT VOTTUN
*Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.*

FJARKENNSLA Í BEINNI
*Hjá Promennt er boðið upp á fjarkennslu í beinni.*

DAG- OG KVÖLDNÁM
*Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.*

PIPAR\TBWA • SÍA • 122619

**PROMENNT**
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • **promennt.is**

PROMENNT

**82 MÁL** hafa verið lögð fram á yfirstandandi þingi, samkvæmt vef Alþingis. Þau skiptast til helminga í þingsályktunartillögur og lagafrumvörp. Þessi tala á eftir að hækka þegar líður á vikuna og þingflokkar forgangsraða þingmannamálum sínum.

# Stór mál frá síðasta þingi endurflutt

**Endurtekið efni verður á dagskrá Alþingis í vetur þegar mál sem ekki náðust í gegn á síðasta þingi verða rædd. Þingsályktunartillögur og lagafrumvörp hrúgast inn.**



**ALÞINGI** Starf 141. löggjafaþings hófst á þriðjudag. Fjöldi mála hefur verið lagður fram, en þingið verður stutt í annan endann þar sem kosningar verða í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frumvarp um fiskveiðistjórnun og þingsályktunartillaga um Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Þetta eru þau mál sem setja munu, öðrum fremur, mark sitt á starf Alþingis í vetur. Hið sama var sagt þegar þau voru boðuð á síðasta þingi, en bæði eru því marki brennd að ekki náðist að klára þau í vor.

Alþingi var sett á þriðjudag og fjárlög ársins 2012 voru lögð fram. Starfið hófst fyrr en áður, venjulega hefur þing ekki verið sett fyrr en 1. október. Ekki veitir af þar sem þingmanna bíður ærinn starfi við fjölda mála og ekki er í boði að draga þingstörf fram á sumar. Kosið verður til Alþingis í apríl.

**Náttúran og nýtingin**

Sagan endalausa varðandi rammaáætlun heldur áfram. Vinna við hana hefur staðið yfir í rúman áratug og Katrín Júlíusdóttir, þáverandi iðnaðarráðherra, boðaði að með henni yrði deilan um hvort vernda ætti náttúrusvæði eða nýta þau til orkuöflunar leidd til lykta í eitt skipti fyrir öll.

Annað hefur verið að skilja á Svandísi Svavarsdóttur umhverfis- og auðlindaráðherra. Hún hefur viðrað þá skoðun sína að ekki sé hægt að velja fyrir hönd komandi kynslóða hvort svæði verði virkjuð eður ei. Hún sagði í Fréttablaðinu á föstudag að ekki væri öruggt að svæði í nýtingarflokki yrðu nýtt.

„Varúðarsjónarmiðin hverfa ekki þó að Rammaáætlun sé lokið, þau verða til eftir sem áður. Það lá alltaf fyrir að þó að ákvörðun væri tekin um að virkjunarhugmynd færi í nýtingarflokk, þá væri sú ákvörðun ekki trygging fyrir því að viðkomandi svæði yrði nýtt. Það sem breytist við Rammaáætlun er að í stað þess að landið sé allt í nýtingarflokki, þá er það bara skilgreindur hluti þess.“

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn hyggist leggja fram þingsályktunartillögu um Rammaáætlun í vikunni. Þar verður lagt til að flokkunin verði óbreytt frá því sem sérfræðinganefnd lagði til. Það þýðir, til að mynda, að neðrihluti Þjórsár fer aftur í nýtingaflokk og Norðlingaalda úr verndarflokki.

Ljóst er því að tekist verður á um einstök svæði í þingsal í vetur.

**Engin sátt um fiskveiðar**

Liður í samkomulagi um þinglok í júní var að unnið yrði að samkomulagi um stjórnun fiskveiða. Atvinnuveganefnd skipaði starfshóp um málið og eftir brotthvarf Þórs Saari úr honum sátu í honum þingmenn úr stjórnarflokkunum tveimur, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki.

Fjórmenningarnir skiluðu af sér skýrslu sem innihélt grundvöll til sátta, þó ekki í stærstu ágreiningsmálunum eins og leigupottum og innköllun hluta aflaheimilda sem skipta um hendur. Samkomulag var um hvað ekki ætti að vera í lögum hvað þetta varðar, en ekki hvað ætti að koma í staðinn.

Viðbrögð við skýrslu fjórmenninganna sýna að hún er trauðla grundvöllur sátta um málið. Stjórnarþingmenn hafa gagnrýnt hana mjög og sagt hana vinna gegn upphaflegum markmiðum frumvarpsins. Ólína Þorvarðardóttir bókaði á fundi atvinnuveganefndar:

„Verði þær breytingar á fiskveiðistjórnunarfrumvarpinu sem fjórmenningarnir hafa drepið á er ljóst að upphaflegt markmið með frumvarpinu – um jafnræði, atvinnufrelsi og nýliðunarmöguleika – yrði að engu. Væri þá verr af stað farið en heima setið með mál þetta í heild sinni.“

Ekki verður því annað séð en að málefni fiskveiðistjórnunar séu á sama stað og þau voru í vor og allt sé í hnút.

# Lána- og veðmálin

Lilja Mósesdóttir, þingmaður utan flokka, er fyrsti flutningsmaður þriggja lagafrumvarpa sem þegar hafa verið lögð fram. Þar eru lánamálin áberandi en einnig flytur hún, ásamt fleirum, frumvarp til laga um að virðisaukaskattur á taubleium og bleiufóðri verði lækkaður úr 25,5 í 7 prósent. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að um umhverfisvæna skattaívilnun væri að ræða.



**LILJA MÓSESDÓTTIR**

Lilja flytur einnig, ásamt þingmönnum allra flokka nema Samfylkingar, frumvarp um breytingar á lögum um samningsveð. Lagt er til að lánveitandi, sem veitir lán gegn veði í fasteign, megi ekki ganga að öðrum eignum lántaka en veðinu sjálfu, nema krafa hafi orðið til vegna saknæmra athafna eða brota á lánareglum. Þá falli krafa lánveitenda á lántaka niður ef andvirði veðsins sem fæst við nauðungarsölu nægir ekki til greiðslu hennar.

Þá er Lilja fyrsti flutningsmaður að frumvarpi um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í því felst meðal annars að ábyrgð ábyrgðarmanns falli niður við 67 ára aldur, sé lánþegi í fullum skilum. Skilyrði er þó að gengist hafi verið í ábyrgð fyrir 54 ára aldur.




## Þankabrot

### Ábyrgð alþingismanna

Alþingi er um margt stórkostlegt fyrirbæri. Þar eru þær línur dregnar sem ramma samfélag okkar inn í reglur og lög og þar eiga fulltrúar andstæðra hugmyndakerfa að takast á um hvernig best sé unnið að hag þjóðarinnar. Þrátt fyrir þetta er virðing fyrir Alþingi af skornum skammti og ætli sé ofmælt að þras, stagl og þrætur teljist einkenna Alþingi öðru fremur?

Oft og tíðum gleymist það góða starf sem unnið er á Alþingi. Kastljósið beinist gjarnan að orðaskylmingum en síður að öðru starfi þingmanna.

Með sérstakri Alþingissíðu hyggst Fréttablaðið leggja sitt af mörkum til að stuðla að upplýstari umræðu um mikilvæg mál. Sjónum verður beint að því sem þykir umfjöllunarvert, óháð því hvort um hitamál líðandi stundar sé að ræða eða ekki. Umfjöllun um Alþingi verður ekki bundin við eina síðu í viku; þyki eitthvað fréttnæmt verða sagðar fréttir. Þetta nýja fyrirkomulag býður hins vegar vonandi upp á dýpri umfjöllun óháð vindum dægurmálanna.

Starf 141. löggjafaþings skýrist á næstu dögum eftir því sem fleiri mál eru lögð fram. Fréttablaðið mun, á mánudögum, skyggnast inn í þingsali og skoða hvað þjóðkjörnir þingmenn hafast að. Ábyrgð þeirra er mikil, þeir véla um það þjóðfélag sem við byggjum öll.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

Stjórnmálamaður í fangelsi:

# Barði menn og beit á pitsustað

**DANMÖRK** Bæjarráðsmaður Danska þjóðarflokksins í Viborg, Benny Ragner, hefur verið dæmdur í 60 daga fangelsi vegna ofbeldisverka á pitsustað.

Ragner, sem var mjög ölvaður, taldi að greiðslukortinu sínu hefði verið stolið, að því er kemur fram á vef Politiken. Hann sakaði gest um þjófnað og sló til hans og kýldi annan gest sem ætlaði að stilla til friðar. Þá beit hann starfsmann sem ætlaði að halda honum.

Ragner reyndist svo vera með kortið í vasanum. **-ibs**

Minnis- og heiðurspeningar Kristjáns Eldjárns, fyrrverandi forseta, afhentir Seðlabanka og Þjóðminjasafni:

# Myntsafn fékk safn Kristjáns Eldjárns að gjöf

**SÖFN** Börn Kristjáns Eldjárns, fyrrverandi forseta Íslands og þjóðminjavarðar, afhentu Myntsafni Seðlabankans og Þjóðminjasafnsins minnis- og heiðurspeninga Kristjáns á föstudag. Hátíðleg athöfn var í anddyri Seðlabankans við tilefnið.

Á föstudag voru liðin 30 ár síðan Kristján lést. Hann var alla tíð mikill áhugamaður um söfn og söfnun. Samstarfi um Myntsafn Seðlabankans og Þjóðminjasafnsins var komið á þegar Kristján var þjóðminjavörður en hann ásamt Haraldi Hannessyni, safnstjóra Seðlabankans, var frumkvöðull að því. Safnið var formlega stofnað í janúar 1985, tæpum fjórum árum eftir dauða Kristjáns.

Munirnir sem afhentir voru á föstudag verða í eigu Þjóðminjasafns en eru varðveittir í Myntsafni Seðlabanka og Þjóðminjasafns. Þórarinn Eldjárn afhenti gjöfina.

Næstu vikur verður opin sýning með munum og minnispeningum Kristjáns í sýningarsal í anddyri Seðlabankans milli klukkan eitt og fjögur virka daga. **- bþh**



**Í SEÐLABANKANUM** Börn Kristjáns Eldjárns afhentu á föstudag minnis- og heiðurspeninga Kristjáns Eldjárns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GAMAN** Í Höfða fór vel á með Jóni Gnarr borgarstjóra, og leikaranum Clarke Peters, sem margir kannast við úr sjónvarpsþáttunum The Wire. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áhrifafólk frá 30 löndum:

# Ráðstefna um mannleg gildi

**FÓLK** Fyrsta alþjóðlega ráðstefna samtakanna Spirit of Humanity Forum fer fram í Hörpu um helgina. Á kynningarfundi sem Reykjavíkurborg boðaði til í Höfða fyrir helgina kynntu Jón Gnarr borgarstjóri, leikarinn Clarke Peters og fulltrúar samtakanna ráðstefnuna.

Fram kom að Spirit of Humanity Forum væri alþjóðlegt bandalag áhrifafólks og leiðtoga sem starfa að því sameiginlega markmiði að bæta heiminn.

Áhrifafólk frá ríflega 30 löndum tók þátt í ráðstefnunni, rétt um 100 manns boðuðu komu sína. **- mþl**



**SÝRLAND** Hælisleitendum frá Sýrlandi fjölgar í Svíþjóð. NORDICPHOTOS/AFP

Tugþúsundir leita hælis:

# Straumurinn er til Svíþjóðar

**SVÍÞJÓÐ** Flóttamenn streyma nú til Svíþjóðar og hafa þeir ekki verið jafnmargir frá því að stríð geisaði á Balkanskaga. Sænska innflytjendastofnunin reiknar með að á næsta ári sæki 41 þúsund flóttamenn um hæli í Svíþjóð eða 40 prósentum fleiri en í ár.

Á fréttavefnum Sydsvenskan. se er greint frá því að venjulega liggi straumur flóttamanna til Svíþjóðar frá einhverju ákveðnu landi. Nú fjölgar umsóknum frá mörgum löndum samtímis en þó einkum frá Sýrlandi.

Umsóknum um sameiningu fjölskyldna hefur jafnframt fjölgað gríðarlega þar sem ekki þarf lengur vegabréf til þess að geta fengið dvalarleyfi sem aðstandandi innflytjanda.

Börn sem koma ein síns liðs til Svíþjóðar hafa aldrei verið jafnmörg. Í sumar komu tvöfalt fleiri börn en í fyrra. Það sem af er þessu ári hafa yfir 2.100 börn, sem hafa verið ein á ferð, leitað hælis í Svíþjóð. **-ibs**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Loforð Framsóknar er gamalt í nýjum fötum:

# Hagstjórnarmistök

Framsóknarflokkurinn hóf kosningaveturinn síðastliðinn fimmtudag með því að kynna nýja tillögu sína um aðgerðir gegn skuldavanda heimila. Tillagan gengur í grófum dráttum út á að afborganir af verðtryggðum fasteignalánum muni koma til frádráttar af tekjuskattstofni og að sá frádráttur verði lagður inn á höfuðstól viðkomandi fasteignaláns. Samhliða á að leggja til að samið verði við veitendur íbúðalána um að færa öll slík lán niður í 100 prósent af fasteignamati húsnæðis. Þessi ráðstöfun á síðan að gilda í þrjú ár. Til viðbótar gera tillögur Framsóknarflokksins ráð fyrir að fjögurra prósenta þak verði sett á verðtrygginguna.


SKOÐUN



**Þórður Snær Júlíusson**

thordur@frettabladid.is


Kjarninn í tillögum Framsóknarflokksins er sá sami og í kosningaloforði flokksins fyrir síðustu kosningar, þegar hann lofaði 20 prósenta almennri niðurfellingu á skuldum heimila. Afleiðingar beggja leiða eru líka þær sömu: óheyrilegur kostnaður fyrir ríkissjóð, sem hann hefur enga burði til að standa undir. Seðlabankinn komst að þeirri niðurstöðu í apríl, eftir ítarlegustu greiningu sem framkvæmd hefur verið á 20 prósenta almennum skuldaniðurfærslum, að leiðin myndi kosta 261 milljarð króna. Tæplega 60 prósent afskriftanna myndu falla í skaut tekjuháum heimilum en einungis fjórðungur skila sér til tekjulágra heimila.

Munurinn á þeirri tillögu og nýju Framsóknar-tillögunni er sá að sú síðari gæti jafnvel orðið enn dýrari og ómarkvissari. Frádráttur frá skattgreiðslum myndi skerða tekjur íslenska ríkisins gríðarlega, enda um stærsta einstaka útgjaldalið hvers heimilis að ræða. Að sama skapi myndu þeir sem eru með hæstu lánin, og búa í dýrustu eignunum, fá mesta skattafrádráttinn. Ríkissjóður, sem áætlar að borga 88 milljarða króna í vaxtagjöld á næsta ári, hefur ekki efni á því. Niðurfærsla á fasteignamati í 100 prósent af fasteignamati, sem er umtalsvert lægra en markaðsvirði, myndi væntanlega þýða að Íbúðalánasjóður, sem á rúmlega 60 prósent allra verðtryggðra lána, þyrfti að færa niður virði eigna sinna í samræmi við verri veðstöðu. Við það myndi sjóðurinn, sem er með 1,4 prósenta eiginfjárhlutfall, verða tæknilega gjaldþrota á ábyrgð íslenska ríkisins. Með þaki á verðtryggingu myndu eigendur skulda sjóðsins, lífeyrissjóðir landsins, síðan tapa tugum milljarða króna.

Hinar nýju tillögur Framsóknarflokksins ættu þó ekki að koma neitt sérstaklega á óvart. Flokkurinn er þekktur fyrir að gefa út galin loforð í aðdraganda kosninga. Árið 1999 lofaði hann að leggja milljarð króna í að gera Ísland fíkniefnalaust innan nokkurra ára. Milljarðurinn skilaði sér aldrei og líkast til geta allir verið sammála um að Ísland er enn víðs fjarri því að vera fíkniefnalaust.

Árið 2003 lofaði flokkurinn 90 prósenta íbúðalánum. Þótt fasteignabólan sem blásin var upp í kjölfarið hafi að mestu verið drifin af einkabönkunum segir í rannsóknarskýrslu Alþingis að 90 prósenta lánin hafi verið „ein af stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda falls bankanna, mistök sem gerð voru með fullri þekkingu á mögulegum afleiðingum, sem ekki létu á sér standa“.

Árið 2009 kom síðan hið ómarkvissa og fjárhagslega lamandi loforð um 20 prósenta almenna niðurfellingu húsnæðisskulda. Og nú er sama hugmynd um eignatilfærslu úr almannasjóðum til skuldsettra endurvakin, en klædd í önnur föt. Ef henni verður hrint í framkvæmd er nokkuð ljóst að sagan myndi dæma hana sem ein af stærstu hagstjórnarmistökum í kjölfar falls bankanna.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Ljósheimaskólinn

Vegur til andlegs þroska og þekkingar

Skólinn er fyrir alla þá sem vilja vinna með sjálfa sig, kynnast fleiru en því efnislega og öðlast víðari sýn á heiminn. Námið er byggt upp á fyrirlestrum, umræðu, hugleiðslu og sjálfsvinnu.

Byggðu þig upp í vetur með öðru góðu fólki!
Upplýsingar í síma 862-4546.
Kennsla hefst 19.september.

www.ljosheimar.is

Ljósheimar
fyrir huga, líkama og sál


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Formenn ósammála

Þorsteinn Pálsson, fyrrum formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í Fréttablaðinu á laugardag að krafa leiðtoga Sjálfstæðisflokksins, sem fram kom í eldhúsdagsumræðum, um að slíta tafarlaust aðildarviðræðum við Evrópusambandið væri þvert á landsfundarsamþykkt flokksins. Bjarni Benediktsson, núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði hins vegar í Klinkinu á Stöð 2 í gær að stefna forystunnar í Evrópumálum væri í takti við umrædda samþykkt. Réði hann yrðu viðræðurnar stöðvaðar og framhald þeirra lagt í dóm kjósenda. „Já og fyrir þá þjóðaratkvæðagreiðslu myndi ég leggja til að slíta viðræðunum,“ bætti formaðurinn núverandi við.

### Hvað segir samþykktin?

Það er því ekki úr vegi að glugga aðeins í umrædda ályktun. „Landsfundur ályktar að gera skuli hlé á aðildarviðræðum við Evrópusambandið og þær ekki hafnar að nýju nema það verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.“ Hér stendur hins vegar ekkert um að slíta beri viðræðum strax, þó Bjarni telji svo vera.





### Stærsta skúbb ársins?

Bjarni ræddi nánar um viðræðurnar og kom í framhjáhlaupi inn á það að stækkunarstjóri ESB, Stefan Füle, hefði sagt sér að ekki væri í boði að ljúka aðildarviðræðum við ríki sem ekki stæðu sameinuð að baki umsókn. Hér er um að ræða skúbb ársins: ESB ætlar ekki að ljúka viðræðum við Ísland! Gott væri að fá staðfestingu á þessu, aðra en upprifjun Bjarna af tveggja manna tali þeirra Füle, því stór eru tíðindin.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# „Af-því-bara“


Þróunarsamvinna



**Ingunn Snædal**

ljóðskáld, þýðandi og kennari


Þegar ég var lítil stúlka á Jökuldalnum hafði ég aldrei séð neinn af öðrum kynþætti en ég var sjálf. Ég gekk í skóla með frændum mínum og frænkum, við áttum sama bakgrunn, sömu menningu, sömu hefðir, sömu sögu. Útlönd voru langt í burtu og allt öðruvísi. Við lærðum um börn í Tansaníu í litríkum samfélagsfræðibókum, þau voru álíka framandi og verur frá öðrum hnöttum. Engu að síður var ég alin upp við þá hugmynd að allt fólk væri jafn dýrmætt. Allir ættu rétt.

Þrjátíu árum síðar hefur orðið alger umbylting í heiminum. Tengsl milli þjóða verða sífellt nánari, landamæri mást út með auknum samskiptum, viðskiptum, netvæðingu og ferðalögum. Svöngu börnin í Afríku eru komin miklu nær en áður. Ég get horft á þau upplifa náttúruhörmungar í beinni útsendingu með vefmyndavél. Hinn himinhrópandi munur á lífskjörum jarðarbúa hefur aldrei verið jafn áþreifanlegur.

Við Vestur-Evrópubúar erum algert forréttindafólk. Vegna þess að við fæddumst hér höfum við aðgang að fyrsta flokks menntakerfi, heilbrigðiskerfi, hreinu vatni og gnægðum matvæla. Alltof miklum matvælum ef út í það er farið.

> Við sem búum við forréttindin, sem við fengum „af-því-bara“, erum best í stakk búin til að hjálpa öðrum.

Við höfum ekki gert neitt til að verðskulda þetta, svona er þetta bara. Aðrir eru ekki jafn lánsamir.

Ég nem staðar á götu ef ég sé grátandi barn, og spyr það hvað ami að, reyni að greiða úr fyrir því. Það er skylda mín sem manneskju að láta mig heill og hamingju annarra varða. En börnin sem eru hjálpar þurfi verða ekki öll á vegi mínum dagsdaglega. Þau sem ég sé ekki eru samt alveg jafn mikilvæg. Þau þurfa jafnvel meira á hjálp að halda. Við sem búum við forréttindin, sem við fengum „af-því-bara“, erum best í stakk búin til að hjálpa öðrum. Við erum rík, við erum heilbrigð, við erum aflögufær. Þegar upp er staðið er það merkilegasta af öllu að láta gott af sér leiða.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Skriftir, afskriftir og uppáskriftir

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson

rithöfundur



Útlendingar standa ýmsir í þeirri trú að Íslendingar hafi komist út úr efnahagserfiðleikum sínum með því að neita að greiða „skuldir óreiðumanna“ og síðan hafi þjóðin sett sér nýja stjórnarskrá. Manni skilst að nú þegar séu menn sem hafa þann starfa að hrósa Íslendingum í útlöndum teknir að fara um heiminn með ræður um það hversu Íslendingar skari fram úr öðrum í því að takast á við efnahagshrun og „hvað megi af Íslendingum læra“.

En er þetta ekki eitthvað orðum aukið – þetta með að „neita að greiða skuldir óreiðumanna“?

**Óreiðuvíkingarnir**

Er reglan kannski frekar sú að skuldir óreiðumanna séu einmitt greiddar af öllum öðrum en þeim sjálfum; að óreiðumönnum hafi einmitt verið gefnar upp skuldir sínar – hinar frægu afskriftir – og enginn þyki nú maður með mönnum í fínu partíunum nema að geta státað af umtalsverðum afskriftum, rétt eins og snekkjum, þyrlum og Alpaskálum fyrir hrun og Tom Jones á rúmstokknum að syngja mann í svefn með hugljúfum brag um Money Heaven. Þegar tveir útrásarvíkingar hittast og hefja mannjöfnuð spyrja þeir ekki lengur: „Hvað varstu með á síðasta ári í ebita?“ heldur: „Hvað varstu með á síðasta ári í afskriftir?“

Einn af öðrum skjóta þeir upp kollinum óreiðuvíkingarnir með úttroðna vasana af fé úr leynihólfum heimsins og enga iðrun að sjá í fasi þeirra, engin merki þess að þeir átti sig á því hversu grátt þeir léku þjóðina sína: hjá þeim eru engar skriftir fyrirhugaðar – bara afskriftir.

> Hrunið var líka sumum mönnum skálkaskjól eða hentug allsherjarskýring á því hvernig komið væri fyrir viðkomandi í lífinu – í stað þess að líta í eigin barm var nú kominn mjög hentugur sökudólgur.

**Uppáskriftir**

Hrunið var raunverulegt og hafði skelfilegar afleiðingar fyrir margt fólk; heiðarlegt, vinnusamt fólk sem skilað hafði sínu og vel það horfði nú framan í stökkbreytta skuldaófreskju af því að það hafði trúað því að hægt væri að láta einhvern draum rætast með hagstæðum lánum; draum um hús og þar með tilveru. Hrunið var líka sumum mönnum skálkaskjól eða hentug allsherjarskýring á því hvernig komið væri fyrir viðkomandi í lífinu – í stað þess að líta í eigin barm var nú kominn mjög hentugur sökudólgur og tilvalin leið til að hlaupast undan skuldum sínum.

Þær eru margar og margvíslegar sögur fólks úr Hruninu og flókið að greiða úr málum þannig að hægt sé að kenna við einhvers konar réttlæti, átta sig á því hverjir eiga hjálp skilið og hverjir ekki – og hvernig hjálp.

Sumar snúast þessar sögur um heiðarlegt fólk sem þarf að borga skuldir óreiðumanna. Maður heyrir til dæmis sögur af því að óreiðumenn hafi getað farið til umboðsmanns skuldara og sannfært fólk þar á bæ um að aflétta skuldum sínum enda ekki borgunarmenn fyrir þeim. Það er auðvitað ágætt að horfast í augu við það og hjálpa mönnum aftur á fætur, en hins vegar fylgir sá böggull skammrifi að lánveitandinn virðist einfaldlega snúa sér að næsta ábyrgðarmanni, að gömlum íslenskum bankasið.

Það er þá fólk sem í grandaleysi hefur skrifað upp á fyrir viðkomandi skuldara, yfirleitt vegna fjölskyldutengsla og yfirleitt verið fullvissað um að einungis sé um formsatriði að ræða. Stundum er um að ræða fyrrverandi maka sem sitja þá ekki bara uppi með sinn hluta skuldar sem sameiginlega var stofnað til og hafa alltaf staðið í skilum með – heldur fá nú líka hluta makans óskilvísa.

Og stundum er um að ræða gamalt fólk sem ekki hefur varast óreiðumennina og upplifir það nú skyndilega að gengið er að eigum þess með óvægnum hætti – allt tekið. Hún reynist ekki lengri leiðin yfir í Money Heaven en þetta.

Ný lög um ábyrgðarmenn tóku gildi fyrir nokkrum árum og bættu nokkuð úr því ófremdarástandi sem hér ríkti um árabil þegar lánveitendur þurftu enga ábyrgð að taka af því að hrúga peningum í fólk sem ekki stóð í skilum, og gátu síðan gengið að þeim sem skrifuðu upp á. Nú þarf lánveitandi að láta fara fram greiðslumat og kynna það fyrir væntanlegum ábyrgðarmanni áður en hann skrifar undir. Það er vissulega til bóta þó að lögin séu reyndar ekki afturvirk – hér eru réttindi fólks aldrei afturvirk, einungis lánaskilmálar.

En áður en við hleypum hrósmönnum Íslands á fulla ferð áfram í því að kenna öðrum löndum að takast á við hrun efnahagslífsins er þörf ýmissa úrbóta, eigi lofið að vera eitthvað annað en skrum.

Og svo þurfum við náttúrlega líka að standa undir nafni þegar kemur að endurbótum á stjórnarskránni sem útlendingar hafa fyrir satt að íslenska þjóðin sé nú að skrifa. Þar á þjóðin kost á því að mæta í ráðgefandi kosningar þann 20. október næstkomandi til að taka afstöðu til nokkurra grundvallaratriða í tilveru sinni, og hjálpa til við að reisa hér farsælda frón.

## AF NETINU

### Sigurbraut fréttabarna

Þegar ég fór úr skóla í blaðamennsku, vorum við fullorðin. Kunnum íslenzku, þar á meðal stafsetningu, kunnum Y og Z, kunnum setningafræði, þekktum rætur orða. Kunnum hugtakafræði, þekktum mun á lýðveldi og lýðræði, sálgreiningu og sálfræði, barokk og rókokkó, Juno og Heru, belgísku og frönsku Kongó. Við höfðum lært landafræði og sagnfræði. Lengi hefur ekkert slíkt verið í boði í menntakerfinu. Og uppeldi snýst um að hossa börnum og segja þau vera toppinn á tilverunni. Þróar unglinga, sem telja sig sigra heiminn með millilendingu í blaðamennsku. Þau eru núllin, er við köllum fréttabörn. Milli hláturkasta.

www.jonas.is

Jónas Kristjánsson

### Djúpið

Ég var að horfa á myndina Djúpið eftir Baltasar.

Mikið er þetta fín mynd. Þó hún lýsi afar dramatískum og sorglegum atburðum er hún lágróma og einlæg. Mér virðist sem allir sem störfuðu við myndina hafi unnið sín verk með miklum sóma. Persónurnar eru alvöru fólk. Ólafur Darri er eins og skapaður í hlutverkið, en það er ekkert alltaf nóg – það verður líka að leggja í það sálina. Og það tókst honum.

Og það lukkaðist að láta hafið leika. Klippingar milli nærmynda og víðmynda tókust vel – sem er ekkert alltaf raunin um myndir sem gerast úti á sjó. Og djúpið sjálft verður líka ein eftirminnilegasta „persónan“. Ég vona að fólk flykkist í bíó að sjá þessa mynd.

http://blog.pressan.is/illugi/

Illugi Jökulsson

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Superb** er stærsti bíllinn frá Škoda og í skutbílsútgáfu er hann sérlega fjölhæfur. Farangursrýmið er með því stærsta sem gerist í þessum flokki bíla – 633 lítrar. Ef bak aftursætisins er lagt fram er plássið orðið 1.865 lítrar. Superb býður upp á þægindi sem gera hverja ökuferð að þægilegri upplifun fyrir alla. Þú getur til viðbótar verið ánægður með hagstætt verð og hagkvæmni í rekstri.

**ŠKODA Superb Combi 2.0TDI** kostar aðeins frá:*

**4.920.000,-**

*Skoda Superb Combi 2.0TDI, 140 hestöfl, sjálfskiptur, dísil

**Umboðsmenn**

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 60434 08/12




**Þú hittir sögufrægar persónur á fleiri stöðum en á Arnarhóli**

Auðvitað hafði Ingólfur áhrif á gang sögunnar. En þú sérð mörgum sinnum fleiri áhrifamiklar persónur í Washington D.C. Þar eru örlög heimsins ráðin í miðbænum á hverjum degi. Og þar bíða þín ógleymanlegar stundir í borg sem hefur allt að bjóða ferðamönnum. Arnarhóll hefur sinn sjarma, við vitum það – en Capitol Hill er líka þess virði að sjá hana.

Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

# Crossfit: Ekki svo galið

Íþróttir

Dr. Leifur Geir Hafsteinsson
eigandi og yfirþjálfari CrossFit Sport



Það er ekki ofsögum sagt að Ísland hafi tekið crossfit opnum örmum. Síðan undirritaður stofnaði fyrstu crossfit-stöðina á Íslandi haustið 2008 hefur iðkendafjöldi vaxið úr engu í á fjórða þúsund og löggiltar crossfit-stöðvar landsins fylla nú tuginn. Þessi mikli vöxtur er að langmestu leyti sjálfsprottinn, knúinn áfram af ánægðum viðskiptavinum sem linna ekki látum fyrr en þeir hafa drifið vini, maka og ættingja með sér á æfingar, og af stórhuga þjálfurum sem eru tilbúnir að leggja allt undir til að láta drauminn um crossfit-stöðina sína rætast.

Crossfit-vakningin á Íslandi hefur haft ýmislegt jákvætt í för með sér, fyrir utan þá lýðheilsubót sem regluleg hreyfing þúsunda kyrrsetumanna hefur í för með sér.

1. Crossfit-stöðvar eru frumkvöðlafyrirtæki sem skapa atvinnu fyrir metnaðarfulla þjálfara (þar á meðal á annan tug íþróttafræðinga og sjúkraþjálfara) og hafa örvandi áhrif á efnahagslífið.
2. Í öllum almennilegum crossfit-stöðvum myndast sterkur og jákvæður félagsandi sem verður hvati að mörgum samfélagslega gagnlegum viðburðum, eins og söfnunum til ýmissa góðgerðamála, íþróttakeppnum, stofnun íþróttafélaga og ýmislegu fleiru.
3. Crossfit er líkamsrækt sem brúar kynslóðabil, fær unglinga til að spjalla af áhuga og einlægni við foreldra sína, gefur uppteknum hjónum færi á dýrmætum samverustundum og vinahópum möguleikann á að hittast reglulega.
4. Í crossfit er árangur mældur í auknum styrk, þreki, úthaldi o.s.frv. Áhersla á aukna getu en ekki útlit frelsar jafnt karla sem konur frá oki hins staðlaða tískublaðalíkama og auðveldar þannig fólki af öllum stærðum og gerðum að sættast við líkama sinn eins og hann er.
5. Crossfit-samfélagið upphefur sterkar konur. Sú upphefð vinnur gegn fordómum um að konur eigi ekki að vera sterkar og veitir sterkari konum frelsi til að njóta sín á sínum eigin forsendum.

Crossfit-þjálfun hefur það að markmiði að koma iðkendum sínum í form á breiðum og almennum grunni, og gera þá vel í stakk búna til að takast á við líkamlegar áskoranir daglegs lífs. Allar æfingar sem gerðar eru í crossfit-þjálfun eru lagaðar að mismunandi getu og líkamsástandi hvers og eins, með því iðkendur eru á mismunandi aldri og með ólíkan bakgrunn. Þegar við bætist að þröskuldur fyrir því að öðlast crossfit-þjálfararéttindi er lágur, og hver crossfit-stöð hefur fullt frelsi og sjálfstæði í því hvernig hún útfærir sína þjálfun, liggur í augum uppi að heilmikill munur getur verið á gæðum og innihaldi þeirrar þjónustu sem boðið er upp á í mismunandi crossfit-stöðvum. Sá munur getur til dæmis legið í mismunandi menntun og hæfni þjálfara,

> Glannalegar og órökstuddar upphrópanir, alhæfingar og rangfærslur gera ekkert annað en að búa til andstæðar fylkingar…

t.d. að aðlaga þyngdir lóða, fjölda endurtekninga, með því að skipta út of erfiðum æfingum o.s.frv. Þannig er flestum gert kleift að stunda crossfit, þó vitanlega sé himinn og haf á milli þess álags sem hæfur þjálfari leggur á bakveikan kyrrsetumann á sextugsaldri og afrekskonu á þrítugsaldri.

Þó margt jákvætt megi segja um crossfit-iðkun er langt í frá að æfingakerfið sé hafið yfir gagnrýni. Crossfit-þjálfun er í eðli sínu há-ákefðarþjálfun og sem slík afskaplega árangursrík ef vel er að henni staðið, en jafnframt vandmeðfarin, sérstaklega þegar mismunandi útfærslu á hugmyndafræði þjálfunarinnar, mismunandi þjónustustigi, mismunandi aðstöðu, mismunandi verðlagningu og mismunandi markmiðum stöðvanna.

Vangaveltur sjúkraþjálfara um hugsanleg meiðsl vegna crossfit-þjálfunar ber að taka alvarlega, jafnvel þó engin töluleg gögn eða upplýsingar um tilgang og eðli meðferða liggi fyrir á þessu stigi málsins. Allir þjálfarar, hvort sem er í crossfit eða annars staðar, eiga að líta á það sem frumtilgang sinn að meðhöndla fólk af varkárni og ábyrgð, með langtímauppbyggingu í huga.

Crossfit er þjálfunarkerfi í mótun. Á þeim rúmlega fjórum árum sem liðin eru síðan undirritaður byrjaði að sökkva sér ofan í hugmyndafræðina hefur orðið heilmikil gerjun í crossfit-heiminum, til dæmis með stóraukinni áherslu og þekkingu á því hvernig auka má hreyfigetu og liðleika, áhugaverðum deilum um langtímaáhrif þess að setja hverja einustu æfingu upp sem keppni upp á líf og dauða, vangaveltum um réttmæti og tilgang þess að gera tæknilega flóknar æfingar undir miklu álagi, skoðanaskiptum um það að hversu miklu leyti eigi að nota þekkingu úr hefðbundinni þjálffræði til að byggja upp æfingaáætlanir crossfittara til skemmri og lengri tíma, og margt fleira. Um þetta eru deildar meiningar, líka innan hins íslenska crossfit-samfélags, og það er að mínu mati þarna sem fagstéttir eins og sjúkraþjálfarar og íþróttafræðingar geta gert mest gagn. Með málefnalegri gagnrýni og hófstilltri umræðu um kosti og vankanta, er ég viss um að hægt sé að auka gæði crossfit-þjálfunar á Íslandi. Glannalegar og órökstuddar upphrópanir, alhæfingar og rangfærslur gera ekkert annað en að búa til andstæðar fylkingar úr hópum sem eiga að snúa bökum saman í þeim sameiginlega tilgangi sínum að efla heilbrigði og lífsgæði þjóðarinnar.

*Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísir.is.*




# Veikasti hlekkurinn

Menntamál

Ingólfur Sverrisson
hjá Samtökum iðnaðarins



Alkunna er að engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Í ágætum umræðum í blaðinu undanfarið um forsendur langtíma hagvaxtar er talið farsælast að stóla meira á þekkingargeirann og tryggja með því verðmætari afurðir sem er forsenda aukinna lífsgæða. Bætt er við að það gerist „til dæmis með því að efla menntun í tækni og vísindum,“ og sjá þannig til þess að nýsköpunarfyrirtæki fái „rétta starfsfólkið,“ eins og segir í leiðara Fréttablaðsins 12.09. Síðan er áréttað að það verði með því að efla rannsóknir á vegum háskólanna og tíundaður fjöldi doktorsnema sem vinnur fjölda ársverka í rannsóknartengdu námi. Loks er bent á að slíkt umhverfi eigi að vera „útungunarstöð nýsköpunarfyrirtækja“.

Taka má undir að gefa þurfi sprotafyrirtækjum (og vonandi einnig starfandi tæknifyrirtækjum) meiri gaum, skapa þeim hagstætt rekstrarumhverfi og auðvelda þeim að fá fé til að hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd. Allt er þetta rétt og skynsamlegt. Eftir sem áður er ekki minnst á þann hlekk í þessari mikilvægu keðju sem ræður úrslitum um hvort allt það góða starf sem talið er upp hér á undan skili þeim árangri sem stefnt er að.

Þegar talað er um „rétta starfsfólkið“ í þessu sambandi er ekki gæfulegt að gleyma þeim sem síðast koma við sögu eftir að góð hugmynd hefur fæðst og farsælt þróunarstarf farið fram og við tekur að framleiða eftirsóttar vörur úr öllu saman. Í sérhverju tæknisamfélagi sem nær árangri í þekkingargeiranum er þess gætt að framleiðslufyrirtækin hafi á að skipa fagmönnum sem geta nýtt sér tölvustýrðar vélar og tæki sem taka sífelldum framförum. Þessar sömu þjóðir vita að slíkt fólk verður ekki hirt af götunum; þvert á móti hefur það lært sínar iðngreinar í góðum skólum, fengið þjálfun í tæknifyrirtækjum og hefur aðgang að góðri endurmenntun. Vissulega eru starfandi á Íslandi afbragðs fagmenn í málm-, véltækni og rafiðnaði. Hér eru líka góðir skólar fyrir slíkt fólk, mörg ágæt fyrirtæki í greininni og öflug endurmenntun. Eftir sem áður stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að mikill skortur er á slíkum fagmönnum. Kveður svo rammt að þessum skorti að með sama framhaldi gerist annað tveggja að flytja verður inn fagmenn á þessu tæknisviði í stórum stíl á næstu árum eða færa framleiðsluna til landa þar sem lögð hefur verið meiri áhersla á verktækninám en hér hefur verið um sinn. Þá stöndum við frammi fyrir þeirri nöturlegu staðreynd að afrakstur þekkingargeirans verður ekki eftir hér á landi í þeim mæli sem eðlilegt er að gera kröfu til.

Sem betur fer er flestum að verða ljóst að við svo búið má ekki standa. Margir iðnmenntaskólar eru nú að vekja athygli unga fólksins á þeim gríðarlegu möguleikum sem er að finna í málm-, véltækni- og rafiðnaðarfyrirtækjum hér á landi. Þeim er þó skorinn þröngur stakkur í fjárhagslegum efnum. Þess vegna eru fyrirtæki í iðntæknigreinum að vakna til vitundar um að þau verða líka að leggjast á árarnar með skólunum, ríkisvaldinu og sveitarstjórnum. Með því móti aukast líkur á að skólarnir geti menntað mun fleira ungt og efnilegt fólk til starfa í skapandi iðngrein sem hefur þegar náð miklum árangri á alþjóðamarkaði. Þarna liggja stærstu og arðsömustu atvinnutækifæri þessa lands og ekki seinna vænna að nýta þau enn betur fyrir land og lýð.



## ENDURVINNSLA ER TIL GÓÐS

**Endurvinnsla felst í því að nýta hluta sorps til að búa til nýtilegt efni með því markmiði að minnka þörf á nýjum hráefnum og draga úr mengun. Sorp, sem mögulegt er að endurvinna, er til dæmis gler, pappír, málmar, malbik, bylgjupappi, fatnaður og tiltekin plastefni.**









# MÆLIRINN Á FULLT

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Spagettímælirinn Ég gæti borðað heilan hest er kominn á erlendan markað rétt tæpu ári eftir að hann varð til á teikniborðinu.*

Ég trúði þessu nú varla sjálfur fyrr en ég fékk senda mynd af vörunni tilbúinni. Þetta er auðvitað stórt skref, að koma fyrstu vörunni sinni á erlendan markað,“ segir Stefán Pétur Sólveigarson vöruhönnuður en spænska fyrirtækið Doiy Design hefur sett spagettímælinn Ég gæti borðað heilan hest í dreifingu um allan heim.

Rétt tæpt ár er síðan Stefán hannaði mælinn og því óhætt að segja að mælirinn hafi slegið strax rækilega í gegn.

„Það má segja að hann hafi strax farið á flug í hönnunarbloggheimum þegar hann kom út og ummæli um hann birtust á hverri síðunni eftir aðra. Einhver fyrirtæki höfðu líka fljótlega samband og Doiy Design bauð mér góðan samning sem ég skellti mér á. Þeir eru stórir á markaðnum í dag fyrir hönnunarvörur með einhverja hugmynd að baki og hafa farið stækkandi. Vinnan í kringum þetta hefur tekið um það bil hálft ár þar til varan er nú komin á markaðinn,“ segir Stefán. „Nú sest ég bara niður og bíð eftir að gróðinn fari að „tikka“ inn,“ bætir hann við og hlær og segist ekki vita til þess að aðrir íslenskir hönnuðir séu undir hatti Doiy Design, enn þá. „Það gæti þó átt eftir að breytast.“

Doiy design leigir framleiðsluna á spagettímælinum af Stefáni í fimm ár. Varan er merkt honum á umbúðunum og er einungis fáanleg úr grænu plasti en sjálfur hafði Stefán framleitt hann úr stáli og hvítu og grænu plasti. Hann segir einnig aðra breytingu hafa verið gerða á mælinum.

„Ég hafði jafnrétti í mínum mæli, það er að segja jafn mikið magn fyrir karla og konur. Þeir minnkuðu hins vegar skammtinn fyrir konurnar. Ég sá það ekkert fyrr en á mynd og þá var of seint að breyta því.“

■ heida@365.is

**STÓRT SKREF**
„Þetta er auðvitað stórt skref, að koma vörunni sinni á erlendan markað,“ segir Stefán Pétur Sólveigarson.
MYND/GVA



**SKATTFRAMTALSGERÐ & ÁRSREIKNINGAR**
Lokafrestur til að skila skattframtali lögaðila er 20. september
APOLLON BÓKHALDS & REKSTRARÞJÓNUSTA | Sími 571 9555 www.apl.is | Borgartúni 28 105 Reykjavík

**Meirapróf**









ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Nýtt námskeið hefst 26. september

**Fararstjórn erlendis**
Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.



Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.
**Leiðbeinendur eru:** Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður og fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í. , Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.
Ferðamálaskóli Íslands
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466




# HÆLARNIR UPP Á VEGG

**SKÓSAFNARI** *Að búa þröngt getur reynst forföllnum söfnurum þrautin þyngri. Ásdís Gestsdóttir brá á það ráð að hengja hælana upp á vegg.*

Förðunarfræðingurinn Ásdís Gestsdóttir, sem leggur stund á snyrtifræði við snyrtiskólann Beauty Academy í Ármúla, er mikill skóunnandi. Svo mikill að skórnir voru farnir að flæða út úr öllum skápum á heimili hennar í Sandgerði. Hún býr þröngt og brá því á það ráð að búa til vegghillu fyrir hælaskóna. Þar hanga nú hátt í tuttugu hælar og vekja mikla athygli gesta. Ásdís útbjó sömuleiðis hillu fyrir stígvél og aðra skó en henni telst til að hún eigi um sextíu skópör í allt.

„Ég er enn með tvær skápahillur fullar af skóm en skóhillurnar léttu þó verulega skápaplássinu.“ Skódellan byrjaði snemma og Ásdís var ung að árum þegar hún dansaði um allt í hælaskóm af mömmu sinni. „Skór eru það eina sem passar alltaf og ég klæði mig yfirleitt fyrst í skóna áður en ég ákveð dressið.“

Efnið í hillurnar fann Ásdís í timbursölunni í BYKO og fékk hún bróður sinn til að hjálpa sér að mæla fyrir þeim. Hún notaði kverka- og þéttilista til að útbúa hælahillurnar en venjulegar timburfjalir undir stígvélin. „Ég málaði svo herlegheitin hvít og kom það svona agalega vel út. Auk þess finnst mér ég nýta skóna betur því þeir áttu það til að gleymast lengst inni í skáp. Hælarnir eru líka margir hverjir ansi fallegir og bara hin mesta veggprýði og skapast oft miklar umræður um þá í anddyrinu.“

En eru einhverjir í sérstöku uppáhaldi? „Já ég var að kaupa mér eftirlíkingu af Jeffrey Campbell-skónum í Maníu. Þeir eru úr svörtu leðri með göddum og mér finnst þeir algert æði. Þá eru grænir platform-hælar líka í miklu uppáhaldi.“





**AÐEINS BROT AF ÞVÍ BESTA**
Það eru aðeins allra fínustu skórnir sem fá að fara upp á vegg. Efnið í hælahillurnar fann Ásdís í timbursölunni í Byko og er um ódýra lausn að ræða.

**HEIMA VIÐ** | HREFNA SÆTRAN MATREIÐSLUMAÐUR

# DRAUMUR AÐ VERA Í GÖMLU HÚSI

**Stendur þú í einhverjum framkvæmdum þessa dagana á heimilinu eða hefur nýlokið við?** Já, við höfum búið hér í tæplega tvö ár og erum búin að vera í framkvæmdum frá því við fluttum inn. Þetta er eldgamalt hús sem þarf að halda vel við og það var lítið hugsað um það í mörg ár áður en við keyptum það. Við smíðuðum stóran pall (sem þættirnir sem eru á RÚV voru einmitt teknir á) og svo erum við að innrétta 30 fermetra sumarbústað sem er í garðinum. Erum að gera hann að svona afslöppunarstofu.

**Einhverjar framkvæmdir á döfinni?** Ó já, við ætlum að smíða gróðurhús núna með haustinu sem verður klárt fyrir næsta vor. Svo ætla ég að flísaleggja baðið og þvottahúsið.

**Ertu dugleg að breyta og bæta heima við?** Já, ég mundi segja að ég sé frekar dugleg. Mér finnst mjög gaman að breyta og bæta. Ég er líka dugleg að losa mig við hluti sem ég er orðin leið á. Ég fæ fljótt leið á uppstillingum svo ég verð alltaf að vera að breyta. Það var líka draumur að vera í gömlu húsi sem ég gæti endalaust verið að dúlla í. Svona hús sem er aldrei alveg tilbúið.



**Er einhver hlutur sem þig langar sérstaklega mikið í þessa dagana?**
Ég var að kaupa þann hlut. Mig var lengi búið að langa í gamalt hringlaga borðstofuborð úr tekki sem hægt er að stækka. Ég datt inn á snilling sem var búinn að nostra við slíkt borð og 6 stóla sem ég keypti af honum. Nú þarf ég að finna nýjan hlut til að langa í.

**Hver er uppáhaldshluturinn þinn í eldhúsinu?** Ég er rosalega hrifin af ísskápnum mínum. Mér finnst hann æði. Hann er frekar lítill, svartur Gorenje Retro Look og ég fæ ekki leið á að horfa á hann.

**Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn á heimilinu?** Ætli það sé ekki eldhúskrókurinn en þar geri ég rosamargt, borða, nota hann sem skrifstofu og fæ mér kaffi með vinum.



**HRINGLAGA BORÐSTOFUBORÐ NÝJAST Á HEIMILINU**
„Ég fæ fljótt leið á uppstillingum svo ég verð alltaf að vera að breyta,“ segir Hrefna.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# APÓTEK

MÁNUDAGUR 17. SEPTEMBER 2012

Kynningarblað
Ráðgjöf
Heilsufarsmælingar
Hjúkrunarþjónusta
Vítamín
Lyf
Gjafavörur

## Það þarf ekki að fara langt fyrir lágt lyfjaverð

Apótekið – einfalt og ódýrt

Apótekið var stofnað árið 1996 og er með sex útsölustaði. Þar er boðið upp á lyf á lægra verði og gott úrval af annarri vöru. Nýjasta Apótekið var opnað á Garðatorgi í Garðabæ fyrr á árinu og hafa viðtökurnar verið góðar hjá heimamönnum.

Stefna Apóteksins er einföld og skýr: Að tryggja viðskiptavinum lyf, lausasölulyf og aðra vöru á lágu verði. Lyfja höfðar til skynsemi neytenda og býður hagstætt verð, einfalt vöruval, gott aðgengi og faglega þjónustu. Apótekin eru nú orðin sex talsins eftir að nýjasta Apótekið opnaði á Garðatorgi í Garðabæ í febrúar sl. Apótekið er einnig í Spönginni í Grafarvogi, Hólagarði í Breiðholti, Hagkaupum í Skeifunni, Setbergi í Hafnarfirði og á Akureyri. Apótekið þekkist á appelsínugula litnum.



Starfsmenn Apóteksins í Garðabæ bjóða upp á gott vöruúrval, faglega þjónustu og hagstætt verð. MYND/GVA

### Lágt lyfjaverð í 16 ár

Þó að útsölustöðum Apóteksins hafi farið fjölgandi að undanförnu er Apótekið langt frá því að vera nýtt á markaðnum. Fyrsta Apótekið var opnað árið 1996 og allt frá upphafi hefur það verið stefna Apóteksins að bjóða lágt lyfjaverð. Að sögn Elínar Kristjánsdóttur, lyfsöluleyfishafa í Apótekinu á Garðatorgi, hafa Garðbæingar og aðrir úr nágrannasveitarfélögunum tekið Apótekinu afar vel. „Nú þurfa Garðbæingar og aðrir hér í kring ekki að fara langt fyrir lágt lyfjaverð. Apótekið er fyllilega samkeppnishæft við þá ódýrustu á markaðnum,“ segir Elín.

„Við fengum strax mjög góð viðbrögð og eldra fólkið er sérstaklega ánægt með að þurfa ekki að leita langt yfir skammt eftir lágu lyfjaverði,“ segir Elín.

Elín segir að Apótekið bjóði líka heimsendingarþjónustu á lyfjum án endurgjalds fyrir elli- og örorkulífeyrisþega og að aðrir sem eiga erfitt með að koma á staðinn geti líka fengið lyfin send heim gegn vægu gjaldi. „Hjá okkur er líka boðið upp á mælingar á blóðþrýstingi og ekki er nauðsynlegt að panta tíma heldur bara að koma til okkar,“ segir Elín.

### Gott vöruúrval

Apótekið býður einnig upp á lyfjaskömmtun sem er frábær kostur fyrir þá sem taka mörg lyf að staðaldri. Lyfjunum er skammtað í litla poka, einn poka fyrir hverja inntöku. Með lyfjaskömmtun kemst betri regla á lyfjainntöku og öryggi eykst til muna.

Apótekið gefur reglulega út tilboðsbækling sem dreift er í öll hús á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Þar eru ýmis spennandi og hagstæð tilboð ásamt afsláttarmiðum sem veita 5% og 10% afslátt af lyfjum og öllum vörum. Það eina sem viðskiptavinir þurfa að gera er að koma með bæklinginn í næsta Apótek og þá fæst afsláttur af öllu sem keypt er.

Þrátt fyrir lágt verð er vöruúrvalið í Apótekinu gott en þó svolítið misjafnt eftir stöðum. Í öllum Apótekunum er gott úrval af vítamínum, bætiefnum, hjúkrunarvörum og hreinlætisvörum. Í stærstu Apótekunum, í Setbergi, Spönginni og á Garðatorgi, er jafnframt gott úrval af snyrtivörum, ilmum, sokkabuxum o.fl.

Betra líf
með Arctic Root




20% afsláttur
2.024,-
Gildir út september.

EINSTÖK ÁHRIF
BETRI HEILSA
BETRA ÚTLIT




COGNICORE
BROKKOLÍTÖFLURNAR
Eitt áhrifaríkasta bætiefni veraldar!

15% afsláttur
4.819,-
Gildir út september.

MINNA MÁL
MEÐ SagaPro

FYRIR KONUR OG KARLA




Með SagaPro fækkar næturferðum á salernið, þú færð betri hvíld og lífsgæði aukast. Náttúruvara úr íslenskri ætihvönn.

15% afsláttur
1.689,-
Gildir út september.

10%
AFSLÁTTUR
AF LYFJUM OG ÖLLUM VÖRUM GEGN FRAMVÍSUN ÞESSA MIÐA!
Gildir út september.
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

Apótekið
– einfalt og ódýrt

Spöngin • Hólagarður • Skeifan • Garðatorg • Setberg • Akureyri
www.apotekid.is




Íbúfen®

– Bólgueyðandi og verkjastillandi

Vorum að fá í sölu mjög vandað og vel skipulagt 261,4 fm. parhús á tveimur hæðum með með aukaíbúð á neðri hæð og innbyggðum 43,4 fm. bílskúr. falleg frágengin lóð. Vönduð og góð eign sem býður upp á mikla möguleika. **Verð 64.5 millj.**



**Fagrihjalli Laust til afhendingar**

Mjög vandað 186,8 fm. parhús á þremur pöllum. með innbyggðum 25,5 fm. bílskúr. Vandaðar innréttingar. Falleg falleg frágengin lóð. **Húsið er laust til afhendingar. Verð 44.5 millj.**



**Hamravík 26**

Falleg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð 104.5 fm. á 2 hæð með sér inngangi. Rúmgóð herbergi. Sér þvottahús innan íbúðar. Fallegar innréttingar. **Íbúðin er laus til afhendingar. Verð 23.5 millj.**



**Nökkvavogur 15**

Falleg 3ja herbergja 65.0 fm. risíbúð í 4 býli. Ástand hússins að utan er mjög gott, búið er að skipta um allt járn á þaki og skipta um alla glugga og gler. Lóðin er gamall gróinn garður. Frábær staðsetning. **Stutt í alla skóla og verslanir. Verð 19.9 millj.**



**Stórikriki Mos**

Glæsileg einbýlsihús á einni hæð að stærð 244,7 fm. Þar af er tvöfaldur 52 fm. Bílskúr með háum innkeyrsludyrum. Húsið er tilbúið til innréttinga og selst í því ástandi. Til afhendingar strax. **Allur frágangu í sérflokki. Verð 47.0 Millj**



**Norðurbakki Hafnarfirði**

Erum með til sölu fullbúnar 3-4 ra herbergja íbúðir á þessum eftirsótta stað við höfnina í Hafnarfirði. Íbúðirnar afhendast fullbúnar ásamt stæði í bílageymslu. **Íbúðirnar eru lausar til afhendingar . Verð frá 25.5 millj.**



**Núpabakki**

Vorum að fá í sölu mjög fallegt og vel skipulagt 216,5 fm raðhús á pöllum með innbyggðum bílskúr og góðri suðvesturlóð. Fallegar innréttingar. **Góð lóð með timburverönd. Verð 42.9 millj.**



**Vallarás**

Gullfalleg 2ja herbergja íbúð 42.4 fm. á 2. hæð í lyftuhúsi. Rúmgóðar vestur svalir. Fallegt útsýni. **Laus fljótlega. Verð 11.7 millj.**



**Efstaleiti**

Vorum að fá í sölu rúmgóða 137.0 fm þjónustuíbúð á jarðhæð í þessu eftir sótta húsi. Með íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Með íbúðinni fylgir töluverð sameign þ.á.m. útisundlaug, heitir pottar, líkamræktaraðstaða, samkomusalur með eldhúsi og setustofa. Sér lóð. Stutt í alla þjónustu. **Íbúðin er laus til afhendingar. Verð 39.9 millj.**





KOURTNEY AND KIM TAKE NEW YORK

Skemmtilegir þættir á E!

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS


# FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is

Ögurhvarfi 6
203 Kópavogi
www.fasteignasalan.is




FRUM

## Starengi 62, Grafarvogur

**Opið hús þriðjudaginn 18. sept. kl.17.30 - 18.00**

Til sölu glæsilegt 178.7 fm einbýli. Fjögur herb. með fataskápum. Rúmgott baðherb. með sturtuklefa og baðkari, þvottah. með geymslulofti. Stofan er björt með mikilli lofthæð. Rúmgott eldhús með kirsuberjainnréttingu og borðkrók. Snyrtilegur garður með sólpalli og heitum potti. Húsið er á rólegum stað í botngötu. Skólar og leikskólar í göngufæri. Stutt í verslanir. Þetta er flott eign sem vert er að skoða.
**Upplýsingar veitir Gústi í síma 895 0907 eða gusti@fasteignasalan.is**



Ágúst Valsson
Sölufulltrúi – viðskiptafræðingur



Rúnar S. Gíslason hdl.
Löggiltur fasteignasali

Ég hef áralanga reynslu af sölu fasteigna og legg metnað minn í að hugsa vel um viðskiptavini mína í gegnum allt ferlið.

Hvort sem þú þarft að minnka við þig, stækka eða einfaldlega selja eign þá skiptir máli að fasteignaviðskiptin seu í höndum einhvers sem þú treystir.

Hafðu samband við mig í síma 698 87 33
eða sendu tölvupóst á loa@fasteignasalan.is
og við finnum hagkvæmustu útkomuna fyrir þig.



**Lóa Sveinsdóttir**
Sölufulltrúi
loa@fasteignasalan.is
698 8733

OPIÐ HÚS





**Veghús 1, 112 Reykjavík • Opið hús þriðjudaginn, kl. 17:00–17:30**

6 herbergja íbúð á tveimur hæðum • 186 fm • Bílskúr 24 fm • Dýravænn stigagangur

**Verð: 37,2 milljónir**

OPIÐ HÚS





**Ljósavík 14, 112 Reykjavík • Opið hús þriðjudaginn, kl. 18:00–18:30**

Endaraðhús á einni hæð • 153 fm • Bílskúr 31 fm • Stór pallur • Heitur pottur

**Verð: 54,9 milljónir**

FASTEIGNASALAN BÆR www. fasteignasalan.is



Rúnar S. Gíslason
hdl. lögg. fasteignasali

VILD ER SNILLD

# NÝTT OG ÖFLUGRA FRÍÐINDAKERFI

25%
afsláttur í Lazertag og MiniGolf í Skemmtigarðinum Grafarvogi á sunnudögum
Gildir kl. 15

Skemmtigarðurinn í Grafarvogi

10%
afsláttur hjá 10-11 ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira
Gildir af öllum vörum nema tóbaki, símkortum, Lottó eða 1x2.

10-11

SUSHI

25%
afsláttur hjá Skemmtigarðinum Smáralind á sunnudögum

Skemmtigarðurinn Smáralind

12%
afsláttur hjá Osushi
Gildir aðeins ef keypt er fyrir 2.000 kr. eða meira

10%
afsláttur hjá Splass af bílaþvotti alla virka daga

Splass

PARÍS
26.900 kr.
20.–23. sept.
Innifalið: Flug með Iceland Express fram og til baka með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð. Skráning á stod2.is/vild.

Iceland Express – lækkar verð

FÍTON / SÍA

## Sjálfvirkur afsláttur frá samstarfsaðilum beint í vasa áskrifenda

Virkjaðu kreditkortið þitt og annarra fjölskyldumeðlima á MÍNAR SÍÐUR á WWW.STOD2.IS.
Ört vaxandi hópur samstarfsaðila. Fylgstu með!

**VIRKJAÐU**
Fardu á stod2.is/vild og skráðu kreditkortið þitt.

**VERSLAÐU**
Þú þarft ekkert að gera. Afslátturinn er við kassa.

**SPARAÐU**
Þú sparar á hverjum degi. Fjöldi samstarfsaðila.



Haukur Ingason apótekari í Garðs Apóteki með flottustu afgreiðslustúlkum bæjarins sem eru í senn rómaðar fyrir hugguleika, hlýlegar móttökur og afbragðs þjónustu. MYND/ANTON

# Viðskiptavinum fjölgar bara og fjölgar í Garðs Apóteki

**Garðs Apótek** er vel þekkt fyrir lágt lyfjaverð og úrvals þjónustu. Meðal nýjunga í apótekinu eru stómavörur, þvagleggir og næringardrykkir. Margir viðskiptavinir koma gagngert þangað til að kaupa fæðubótarefni og vítamín sem fást þar í miklu úrvali.

Viðskiptavinum fjölgar bara og fjölgar þótt við auglýsum ekki mikið. Það kemur til af því að við höfum alltaf komið mjög vel út úr verðkönnunum á lyfjum, hvort sem um er að ræða lyfseðilsskyld lyf eða lyf sem eru seld án lyfseðils,“ segir Haukur Ingason apótekari í Garðs Apóteki.

Hann segir æ fleiri komast að raun um að hægt sé að gera góð kaup á fleiru en lyfjum í Garðs Apóteki.

„Margir koma gagngert til að kaupa fæðubótarefni og vítamín sem fást í úrvali, hjúkrunarvörur, snyrtivörur og næringardrykki, því verð er almennt lágt í apótekinu.“

Að sögn Hauks kunna viðskiptavinir því einkar vel að Garðs Apótek sé einkarekið.

„Eftir bankahrunið er fólk orðið meðvitaðra um við hvern það verslar og virðist hafa fengið nóg af lyfjakeðjum, hvort sem þær heita Lyf og heilsa, Lyfja, Apótekið, Apótekarinn eða Skipholts Apótek,“ upplýsir Haukur.

Í Garðs Apóteki er notalegt kaffihúsahorn þar sem hægt er að setjast niður með ilmandi kaffi, te eða vatnsglas í boði hússins.

„Hverfisbúar koma hingað oft og tíðum og stundum er apótekið eins og hverfismiðstöð þar sem íbúarnir hittast og spjalla saman,“ segir Haukur ánægður.

„Við erum í leiðinni fyrir íbúa stærstu hverfa borgarinnar og með tilkomu rafrænna lyfseðla finnst mörgum þægilegt að hringja á undan sér, láta taka til lyfin sín og sækja þau á heimleiðinni upp í Breiðholt, Árbæ eða Grafarvog og nágrannasveitarfélögin Mosfellsbæ, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og víðar,“ segir Haukur.

Það sem gerir Garðs Apótek að fyrsta vali viðskiptavina er þó fyrst og fremst fyrirmyndarþjónusta og hlýlegt viðmót starfsfólksins, í kaupauka við lága verðið.

„Nýverið jukum við þjónustu í kringum stómavörur og þvagleggi, og nú geta þeir sem nota slíkar vörur snúið sér til okkar og fengið þær afhentar í apótekinu eða sendar heim til sín, hvert á land sem er,“ segir Haukur og bætir við:

„Svo eru alltaf einhverjir sem segjast koma bara af því hér starfi flottustu afgreiðslustúlkur bæjarins, en ég sel það ekki dýrara en ég keypti það, eins og svo margt annað,“ segir Haukur og brosir.

Garðs Apótek er á horni Sogavegs og Réttarholtsvegs, við brúna yfir Miklubraut. Sími 5680990. Opið er virka daga frá klukkan 9 til 18 en lokað um helgar. Sjá nánar á www.gardsapotek.is.




Garðs Apótek er á horni Sogavegs og Réttarholtsvegs, við brúna yfir Miklubraut. Á efri hæð hússins hefur nú opnað Læknastöðin Sogavegi. MYND/ANTON

**Einkarekið apótek**

*Lágt lyfjaverð - góð þjónusta*

GARÐS APÓTEK
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg Opið kl. 9-18 • Sími 5680990 • www.gardsapotek

# Óvæntur glaðningur

Þegar skroppið er eftir lyfjum eða apótekaralakkrís til lyfsalans opnast mýmörg tækifæri til að koma færandi hendi heim, með glaðning úr óvæntum áttum. Hér gefast hugmyndir að þakklátri leið að hjarta konunnar eftir stuttan skreppitúr í apótekið.







Ertu með á nótunum þegar kemur að heitustu vítamínunum nú um mundir? Hví ekki að kaupa glas af einhverju uppbyggjandi til að efla heilsu, þrótt og úthald þinnar heittelskuðu?

## *Mikilvægar mælingar*

Apótek bjóða upp á margvíslega þjónustu auk þess að selja lyf, snyrtivörur og ýmislegt fleira. Mörg apótek bjóða upp á helstu heilsufarsmælingar, svo sem blóðþrýstingsmælingar, blóðsykursmælingar og blóðfitumælingar.



### Blóðþrýstingsmælingar

Allir sem komnir eru á miðjan aldur ættu að láta mæla blóðþrýstinginn reglulega. Þannig er hægt að bregðast við og koma í veg fyrir ýmis áföll, svo sem kransæðastíflu og heilablóðfall. Blóðþrýstingurinn getur gefið mikilvægar vísbendingar um heilsufar en hann er alltaf gefinn sem tvær tölur, efri og neðri mörk. Eðlilegt er að efri mörk blóðþrýstings séu undir 130 og neðri mörk undir 85.

### Blóðsykursmælingar

Blóðsykursvandamál hafa aukist til muna á undanförnum árum. Við borðum meiri sykur og erum undir stöðugt meira álagi, en það eru tveir veigamiklir þættir í röskun á blóðsykri. Hækkun blóðsykurs er ekki bundin við aldur og því er ástæða fyrir alla að láta mæla blóðsykurinn reglulega. Ef grunur leikur á að um sykursýki sé að ræða er þannig hægt að grípa strax til aðgerða. Einkenni hækkunar blóðsykurs eru til dæmis þreyta, þorsti, tíð þvaglát, lystarleysi og þyngdartap.

### Blóðfitumælingar

Mælt er með að þeir sem eru orðnir tvítugir láti mæla blóðfitu á minnst fimm ára fresti. Blóðfitumæling mælir magn kólesteróls í blóði. Margar rannsóknir benda til þess að magn fitu í blóðinu tengist hættunni á að fá hjarta- og æðasjúkdóma. Sérstaklega hefur kólesterólið verið talið skaðvaldur í þessu samhengi. Þegar kólesterólmagn er hátt í blóði hefur það tilhneigingu til að setjast að í veggjum slagæða. Með tímanum veldur þetta þykknun og hörðnun á slagæðaveggnum sem getur leitt til þrengsla í æðaholi og minnkaðs blóðstreymis. Ef þetta gerist í kransæðum er hætta á að ekki berist nægjanlegt blóðstreymi til hjartavöðvans.





## KERTI Á KÖKUDISK

**Hægt er að finna ýmis not fyrir uppáhaldskökudiskinn**

**■ HUGMYND**
Kökudiskar á fæti njóta ómældra vinsælda og eru til á allmörgum heimilum. Ef myndarskapurinn er á undanhaldi og kökurnar skortir má engu að síður finna not fyrir þessa fallegu diska.
Tínið til kubba- og kúlukerti í nokkrum litum og raðið fallega í hring á diskinn. Komið fyrir á miðju stofuborði, kveikið á kertunum og komin er fyrirtaks kertaskreyting. Eins má gera uppáhaldspottaplöntunni hærra undir höfði með því að setja hana á kökudisk.



## MÁLNINGU NÁÐ ÚR TEPPI

**■ ERFITT AÐ NÁ ÚR**
Ef mikið af málningu hellist niður á teppi getur það reynst þrautin þyngri að ná henni úr. Hér er þó ágætis ráð til þess.
Skerið út tvo hluta úr pappakassa. Notið endana á pappanum til að ná málningunni saman í poll. Notið svo pappahlutana eins og skóflu og mokið málningunni aftur ofan í málningarfötuna. Þegar mestu af vökvanum hefur verið hellt aftur í fötuna þarf að ná í tvær aðrar fötur, aðra með hreinu vatni og hina tóma. Hellið hreina vatninu á blettinn sem er eftir á teppinu, skafið svo upp með skeið og setjið í tómu fötuna. Vinnið hratt og ákveðið.
Til að ná örugglega öllum málningarleifum úr er gott að fá teppahreinsivél lánaða, passið bara að halda málningarblettinum blautum á meðan beðið er eftir vélinni.



## SÆTAR SULTUKRUKKUR

**■ FÖNDUR**
Nú er annar hver maður búinn að fylla frystinn af gómsætum berjum enda berjasprettan sérstaklega góð í ár. Margir vita þó ekki alveg hvað þeir eiga að gera við alla uppskeruna en það er alltaf klassískt að skella í nokkrar sultur. Gaman er að skreyta krukkurnar sem notaðar eru við sultugerðina og er hægt að gera það á ýmsan máta. Tilvalið er að láta börnin taka þátt og föndra svolítið með þeim. Hér eru nokkrar hugmyndir að krukkuskreytingum en ef vel tekst til verða sultukrukkurnar skreyttu að tilvöldum tækifærisgjöfum.

- Málið krukkurnar.
- Vefjið krukkurnar í tjull eða annars konar efni.
- Límið fallega límmiða á krukkurnar.
- Festið borða eða bast á krukkurnar.
- Vefjið krukkurnar inn í litað sellófan.
- Prentið út myndir og límið á krukkurnar.
- Límið blóm eða kryddjurtir á krukkurnar.
- Málið krukkurnar með glimmermálningu.
- Setjið tauefni á lokið og festið það með borða.
- Kaupið krukkur sem eru óhefðbundnar í lögun og skreytið að vild.



**KRÚTTLEGAR KRUKKUR** Fallega skreyttar sultukrukkur geta verið fyrirtaks tækifærisgjafir.
NORDIC PHOTO/GETTY






Parketslípun, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.






**PARKETSLÍPUN/ SÓLPALLASLÍPUN**
**Frábært verð!**
Parketslípun um allt land, vönduð vinnubrögð og efni á gólf. Parketið verður sem nýtt. Tökum einnig að okkur parketlagnir og sólpallasmíði. Sja myndir á www.parketsliparinn.is S: 823-2234 Sævar.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

**Viðhald fasteigna.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar




**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Spásími 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið frá 13-23. S. 863 1987 visa/euro.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is




Lay-Z-Spa uppblásnu heitu pottarnir eru komnir aftur Premium series línan var að koma og fæst á 125 þús. 900 lítra pottar með hitara og dælu. Auðveld uppsetning Og þægilegir í notkun. VDO Borgartún 36 S: 5889747 www.vdo.is



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503.



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**
**220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til byggingar



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

**Ódýrir dúkar**
Línóleum dúkar 500-1000kr/fm Harðviðarval, Krókháls 4 sími 567 1010.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur



Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykknum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Allar nýju HERBALIFE vörurnar fást hjá mér. Sólrún Ósk S. 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Snyrting

**BARBAFÍN Reykjavík**

**Tilboð**
**Dömuklipping á 4500 kr (fullt verð 6800 kr)**
**Herraklipping 3500kr (fullt verð 4500 kr)**
**10 % afsláttur af litun og strípum**
**Tilboðið gildir eingöngu hjá Jóhönnu á hársnyrtistofunni Barbafín**
**Stigahlíð 45 (Suðurveri)**
**S: 568-8824**
**Tilboðið gildir til 15 október 2012**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki




## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro Erum á facebook.**




Hundanámskeið fyrir þig og þinn hund. Ómissandi fyrir alla hundaeigendur. Byrjar 20.sept. Björn Ólafsson hundaþjálfari og hundaatferlisfræðingur. www.hundaskoli.net, S: 897 1992.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

**Eik í hesthús**
Er að taka niður pantanir á eik í grindur og veggjaklæðningar. E. Sigurðsson ehf, S. 691 8842.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Hús til leigu í Árbæ**
140 fm hús sem leigist til 1.júní 2013. S: 864 5853. Vinsamlegast sendið uppl. á netfangið: bogga56@talnet.is

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Stúdíóíbúð til leigu á svæði 104. Verð 75 þús. pr.mán. Laus 1. okt. Studio apartment for rent. Price 75 thous pr.month. Available oct. 1st. contact number 779 0463 / 847 9899 hringja milli 18-21.

## Húsnæði óskast

**Íbúð óskast í 101 eða**
Goecco outdoor adventures óskar eftir íbúð fyrir starfsmann frá sept fram til maí 2013. Uppl. í s. 696-7474 eða jonas@joecco.com

Óska eftir stúdíó til 3herb. íbúð á höfuðb.svæðinu, uppl. í s: 8944185

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.




## Þjónusta

**Viltu hætta að reykja? Dáleiðsla.is**

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

PORTIÐ

**Veitingahúsið Portið í Kringlunni.**
Viljum bæta við okkur vönum aðstoðarmanni í eldhús. Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required. Uppl. um starfið veiti Sveinbjörn á info@portid.is eða 695-9950

**Við leitum að vönum og hressum pizzabakara.**
Rótgróin rekstur. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendið umsókn á info@kringlukrain.is eða 893-2323

NONNABITI ...góður biti

**Nonnabiti**
Starfsmaður óskast í Reykjavík og Kópavogi. Reyklaus. Æskilegt að geta hafið störf sem fyrst. Ekki yngra en 18 ára. Upplýsingar í s. 899 1670 eða sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is





Brandenburg

**Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrt**
Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Póst dreifing







## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Rannsóknaboranir í Eldvörpum, Grindavíkurbæ**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis– og auðlindamála og er kærufrestur til **16. október 2012.**

Skipulagsstofnun

## Fundir / Mannfagnaður

**Efling-stéttarfélag**

### Félagsfundur

EFLING STÉTTARFÉLAG

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags verður haldinn fimmtudaginn 20. september 2012.

Fundurinn verður haldinn í salnum Gullteigi B á Grand Hótel Reykjavík og hefst kl. kl. 18.00.

1. Félagsmál

   Kosning tveggja aðalmanna og tveggja til vara í uppstillingarnefnd
2. Staða og horfur í efnahags- og kjaramálum
3. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sætúni 1 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 18.apríl nk.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

Stjórn Eflingar-stéttarfélags



50 **BAZ LUHRMANN** kvikmyndaleikstjóri á afmæli í dag

*„Stundum ertu á undan, stundum á eftir, hlaupið er langt og á endanum keppirðu bara við sjálfan þig.“*

## Merkisatburðir 17. september

1630 Borgin Boston í Bandaríkjunum er stofnuð af breskum landnemum.

1823 Fyrsta grindadráp í Reykjavík. 450 marsvín eru rekin á land.

1844 Fyrstu Alþingiskosningar í Reykjavík. Sveinbjörn Egilsson hlýtur flest atkvæði, 15, en neitar þingsetu og verður því Árni Helgason þingmaður, en hann hlaut 11 atkvæði.

1917 Verslunarráð Íslands er stofnað.

1939 Seinni heimsstyrjöldin: Sovétríkin ráðast inn í Pólland úr austri í samræmi við samkomulag þeirra við Þýskaland.

1966 Vegur fyrir Ólafsfjarðarmúla er formlega opnaður.

1987 Fréttaþátturinn 19:19 hefur göngu sína á Stöð 2.

1992 Landsbankinn tekur eignir Sambands íslenskra samvinnufélaga upp í skuldir og innlimar þar með Samvinnubankann.

2001 Mesta stigafall í sögu Dow Jones-vísitölunnar verður á fyrsta viðskiptadegi bandarísku kauphallarinnar eftir 11. september.


†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN BJÖRNSSON**
**fræðiritahöfundur,**
**frá Bólstaðarhlíð, Vestmannaeyjum,**
**Ægisíðu 92, Reykjavík,**

sem lést þriðjudaginn 4. september verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 21. september kl.13.00.

**Bryndís Jónsdóttir**
**Halldóra Björk Jónsdóttir** **Ingimar Haraldsson**
**Þorgerður Bryndísardóttir Jónsdóttir** **Bogi Agnarsson**
**Birna Ólafía Jónsdóttir** **Ásmundur Jón Þórarinsson**
**Björn Jón Jónsson**
**barnabörn og barnabörn.**

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KARL G SIGURBERGSSON**
**Suðurgötu 26, Keflavík,**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 11. september. Útför hans fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 21. september kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Þroskahjálp á Suðurnesjum.

**Valgerður Bjarnadóttir**
**Bjarni Frímann Karlsson** **Sólveig D Ögmundsdóttir**
**Ragnar Karlsson** **Þóra Eyjólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLÖF MAGNÚSDÓTTIR**
**Hvassaleiti 56,**

lést sunnudaginn 9. september. Útförin fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 18. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Magnús R. Jónasson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Sigurrós Jónasdóttir** **Ólafur G. Flóvenz**
**Elín Jónasdóttir**
**Eggert Jónasson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

†



Móðir okkar,

**RÓSA SVEINBJARNARDÓTTIR**
**Dalalandi 8, Reykjavík,**

lést miðvikudaginn 12. september. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 18. september kl. 15.00.

**Jónína Helgadóttir** **Víkingur Sveinsson**
**Einar Helgason** **Inga Guðmundsdóttir**
**Kolviður Helgason** **Margrét Hreinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

HEIMILI OG SKÓLI 20 ÁRA: BLÁSA TIL MÁLÞINGS Í GERÐUBERGI

# Hafa náð miklum árangri en ekki má sofna á verðinum

Við blásum til málþings fyrir aðila skólasamfélagsins í Gerðubergi í dag,“ segir Ketill B. Magnússon, formaður samtakanna Heimilis og skóla sem eru 20 ára í dag. Yfirskrift málþingsins er Samráð í sátt og verður athyglinni beint að samráði milli skóla og foreldra varðandi breytingar á skólastarfi. „Við viljum vekja athygli á því að þess hefur ekki alltaf verið gætt af hálfu sveitarfélaganna að hafa samráð við foreldra í þeim breytingum á skólaumhverfinu sem fylgt hafa samdrætti og niðurskurði,“ segir Ketill. „Þannig að markmið málþingsins er að fá fram ólík sjónarmið varðandi samráð svo við getum í framhaldinu stillt saman væntingar okkar og skilning. Undanfarin ár hafa komið upp mál þar sem foreldrar hafa verið ósáttir við hvernig staðið hefur verið að breytingum í skólasamfélaginu og þá þarf að endurhugsa það hvernig staðið er að slíku. Samráðið þarf að verða nánara bæði varðandi praktísk mál, sem koma upp dag frá degi í rekstri skóla, og einnig í stefnumótun.“

Hefur samt ekki eitthvað áunnist á þessum tuttugu árum? „Jú jú, samtökin hafa náð miklum árangri. Í dag er það orðið almennt viðurkennt að foreldrar eru hluti af skólasamfélaginu og að það beri að hafa þá með í ákvarðanatöku varðandi skólastarfið. Það er í lögum að foreldrar skuli eiga fulltrúa í stjórnskipulegu apparati skólans og sama gildir um sveitarfélögin. Þar eiga foreldrar að eiga áheyrnarfulltrúa í öllum skólanefndum. Þannig að það er enginn vafi á að foreldrasamtökin hafa náð miklum árangri bæði gagnvart yfirvöldum og skólunum sjálfum, en það má aldrei sofna á verðinum. Þótt eitthvað þyki sjálfsagt í dag gæti það orðið fljótt að breytast ef því er ekki stöðugt fylgt eftir.“

Ætlið þið að gera eitthvað fleira til að fagna afmælinu? „Já, við ætlum að fagna þeim árangri sem við höfum náð með því að heiðra söguna og þá aðila sem hafa verið frumkvöðlar í gegnum tíðina,“ segir Ketill. „Við verðum með foreldradaginn í nóvember í annað sinn, sem er hefð sem við viljum koma á. Þar leggjum við áherslu á að safna saman foreldrum og fjalla um málefni sem brenna á þeim. Annað sem gaman er að segja frá er að í nóvember koma hingað formenn landssamtaka foreldra á öllum Norðurlöndunum og funda á Íslandi í tilefni afmælisins. Fókusinn verður á að deila þekkingu og reynslu af foreldrastarfi á Norðurlöndunum.“

Varst þú í Gerðubergi á stofnfundinum 17. september 1992? „Nei, það var ég ekki,“ segir Ketill og skellir upp úr. „Ég var ekki einu sinni búinn að eignast mitt fyrsta barn. Hins vegar þekki ég frumkvöðlana sem voru þar og hef lært mikið af þeim.“

fridrikab@frettabladid.is



**VILL SAMRÁÐ** Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, segir vilja brenna við að sveitarfélögin hafi ekki samráð við foreldra varðandi breytingar á skólaumhverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## AFMÆLISÞING HEIMILIS OG SKÓLA Í GERÐUBERGI 17. SEPTEMBER KL. 14-16

**Dagskrá:**
Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, opnar málþingið
Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, flytur ávarp
**Um samráð** – Arndís Ósk Jónsdóttir, stjórnunarráðgjafi
**Börn og breytingar í skólum** – Margrét María Sigurðardóttir, Umboðsmaður barna
**Sjónarmið sveitarfélaga** – Halldór Halldórsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Pallborðsumræður og spurningar úr sal
Fyrrum formenn heiðraðir
Afmæliskaffi
**Fundarstjóri:** Þóra Arnórsdóttir

## LANDSSAMTÖKIN HEIMILI OG SKÓLI

Heimili og skóli – landssamtök foreldra eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmálaflokkum eða trúfélögum. Foreldrar og forráðamenn barna geta gerst félagar í Heimili og skóla og aðrir geta gerst styrktarfélagar. Samtökin veita ráðgjöf til foreldra og foreldrasamtaka og gefa út tímarit og ýmiss konar efni um foreldrastarf.

Samtökin voru stofnuð 17. september 1992. Markmið þeirra er að stuðla að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglinga. Þúsundir foreldra eru félagar í Heimili og skóla og með stuðningi þeirra hefur tekist að byggja upp þjónustu við foreldra og félög þeirra.

ÞETTA GERÐIST 17. SEPTEMBER 1983

# Fyrsta þeldökka ungfrú Ameríka

Vanessa Williams var krýnd ungfrú Ameríka 1984 þann 17. september 1983, fyrst þeldökkra kvenna. Titillinn færði henni þó litla hamingju því fljótlega eftir að úrslitin voru kunngjörð fóru henni að berast hatursbréf og dauðahótanir. Steininn tók þó úr tíu mánuðum seinna þegar upp voru grafnar nektarmyndir af Williams, sem teknar höfðu verið árið 1982, og þær birtar í tímaritinu Penthouse.

Eftir gífurlegt fjölmiðlafár og hótanir stuðningsaðila um að þeir myndu hætta að styðja keppnina fjárhagslega yrði Williams ekki svipt titlinum afsalaði hún sér honum á blaðamannafundi þann 23. júlí 1984. Við titlinum tók sú sem hafði verið í öðru sæti í keppninni, Suzette Charles, sem einnig er þeldökk. Williams fékk þó að halda kórónunni og námsstyrknum sem hún hafði hlotið í verðlaun og er enn skráð sem ungfrú Ameríka 1984 í opinberum gögnum Miss America Organization.

Williams haslaði sér síðar völl bæði sem söngkona og leikkona og hefur meðal annars leikið í sjónvarpsþáttaseríunum um Ugly Betty og Aðþrengdar eiginkonur auk þess sem plötur hennar hafa selst í milljónum eintaka og hún hlotið fjölda Grammy-verðlauna.



**Notaða Citroën bráðvantar á söluskrá. Nýttu gott tækifæri. Skiptu gamla uppí nýjan.**

**Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 í dag. Opið kl. 9-17.**

CITROËN

# Veldu Citroën C3
# Frelsið er franskt

**Nýttu þér frelsi þitt til að velja og hafna á eigin forsendum. Skoðaðu franskan valkost. Komdu í Brimborg Bíldshöfða 8 og prófaðu flottan og sparneytinn Citroën C3 dísil.**



Citroën C3 er ekta franskur bíll. Tákngervingur nútímafrelsis og hreyfanleika. Citroën C3 dísil er sparneytinn og visthæfur og $CO_2$-losun er aðeins 93g/km. Citroën C3 fær því frítt í stæði í 90 mínútur í Reykjavík og lækkar bifreiðagjöldin. Stop/Start spartæknin sparar pening á rauðu ljósi. Citroën C3 er sparneytinn og notar aðeins 3,6 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri.

***Fallegur.*** Línur og lögun Citroën C3 dísil er einstaklega glæsileg. Sjáðu hvernig aukabúnaður eins og Zenith framrúðan opnar þér nýjan heim, framandi og munúðarfulla veröld að fagurfræði innanrýmisins.

***Þægilegur.*** Citroën C3 dísil er einstaklega lipur bíll í borgarumferð og aksturseiginleikarnir eru framúrskarandi. Í C3 finnur þú þægindi sem aðeins Citroën getur státað af.

***Vel útbúinn.*** Kynntu þér ítarlegan staðalbúnað og forvitnilegan aukabúnað í Citroën hjá ráðgjöfum okkar. Hafðu þinn Citroën sérsniðinn að þínum þörfum.

Græn skref í Reykjavík
90 min.
Visthæfur bíll

*Aðeins 93g $CO_2$. Fáðu frítt í stæði í Reykjavík*

**Citroën C3 Seduction**
5 dyra, 1,6 eHDi 92 hestöfl og 5 gíra
***Kaupverð 2.790.000 kr.***
Mánaðargreiðsla 28.350 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar 8,7%



***Tökum allar tegundir notaðra bíla upp í nýjan Citroën***

Citroën er leiðandi í framleiðslu dísilvéla. Kjóstu C3 og um leið fallega hönnun og rekstrarhagkvæmni.




***Sjáðu Citroën. Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.***

Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 í dag.
Aktu Citroën til móts við nýtt samfélag.

brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | citroen.is

***Öruggur staður til að vera á***

*Mánaðargreiðsla miðað við 7 ára verðtryggðan grænan bílasamning Ergo.Útborgun kr 1.000.000. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Citroën

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** einsöngur, **6.** 49, **8.** hylli, **9.** viðmót, **11.** átt, **12.** skrá, **14.** land í Asíu, **16.** óður, **17.** svelg, **18.** flott, **20.** hreyfing, **21.** höfdýr.

**LÓÐRÉTT**
**1.** steintegund, **3.** slá, **4.** farartæki, **5.** sóða, **7.** sælgæti, **10.** sæ, **13.** fugl, **15.** eyðimörk, **16.** iðka, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** aría, **6.** íl, **8.** ást, **9.** fas, **11.** sa, **12.** skjal, **14.** kórea, **16.** ær, **17.** iðu, **18.** fín, **20.** ið, **21.** asni.

**LÓÐRÉTT: 1.** gifs, **3.** rá, **4.** íssleði, **5.** ata, **7.** lakkrís, **10.** sjó, **13.** ari, **15.** auðn, **16.** æfa, **19.** nn.






# Við erum með eitruð gen

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Marteinn Lúther negldi skjal á dyr Hallarkirkjunnar í Wittenberg og siðbreyting og siðbót hófust. Hamarshöggin og hugsun Lúthers opinberuðu vitleysur tímans, sem hægt var að leiðrétta. Hallarkirkjan og dyr hennar eru síðan hvetjandi tákn um að fólk sinni lífsleikni og taki á móti Guðsgjöfunum.

**ÉG VAR** í Íslendingahópi sem fór um Lúthersslóðir og heillaðist af dramatískri sögu siðbótartímans, mannvirkjum og náttúru svæðisins. En svo fengum við líka að heyra um baráttu fólks, sem enn lifir. Á tímum Hitlers og síðar Alþýðulýðveldisins voru framin hryllileg ofbeldisverk gagnvart pólitískum andófsmönnum, umhverfissinnum og kirkjufólki. Uppgjörið er rétt að byrja og ekki útséð með allar afleiðingar.

**VIÐ HLIÐ** Hallarkirkjunnar er orðastaður, akademía sem lútherska kirkjan í Þýskalandi rekur. Markmið starfsins er samtal, aukinn skilningur og sátt. Þar heyrðum við m.a. sagt frá viðbrögðum mismunandi hópa eftir hrun kommúnismans. Margir Stasiliðar hafa haldið því fram að þeir hafi ekki gert neitt rangt. Svo eru fórnarlömb þeirra hinum megin borðs og bera djúp sálarsár. Hvernig á að fyrirgefa vondu fólki og tuddum þeirra? Flekkun feðra og mæðra smitast í marga liði. Börn kúgara og börn fórnarlamba glíma lengi við afleiðingar. Ekki er þeim að kenna að þau urðu til. Þau áttu enga sök á gerðum foreldra. Mörg börn í Alþýðulýðveldinu fóru á mis við friðsama æsku vegna þess að pabbi og mamma fóru út af fyrirskipuðu spori. Sum þessara barna eru mörkuð fyrir lífstíð og mörg bitur. Svo eru afkomendur valdsmanna líka flekkaðir. Eitt þeirra dró saman hræðilega stöðu þeirra með: „Við erum með eitruð gen.“

**SÁR STASILANDSINS** eru djúp (– lesið nýútkomna bók Önnu Funder!). Tíminn læknar engin sár nema þau séu skoðuð, hreinsuð og unnið með þau af heiðarleika. Börn sorgarinnar og einnig þau með eitruðu genin þarfnast sáttar. Hlutverk kraftmikillar kirkju er að vera farvegur hins góða. Lífgjöf er mál Guðs sem elskar og vill hreinsa hið sauruga. Lúthersneglan á Hallarkirkjudyr varðar að menn geti losnað við eitruð gen, náð sátt og búið við frið. Á sínum tíma mótmælti siðbótarkirkjan vondum hlutabréfum eilífðar og nútímakirkja berst gegn flekkun mennsku, samfélags og náttúru. Hlutverk okkar er að hreinsa sár og vera farvegur lífs. Eitrað samfélag á ekki að líða og ekki heldur að fólki finnist það hafa eitruð gen, hvorki í Þýskalandi né á Íslandi. Siðbótar er sífellt þörf.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Varahlutir í bíla






Framúrskarandi fyrirtæki 2011

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Ragnar, Hildur og Jeanette heiðruð

Íslensku sjónlistarverðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn í Hofi á fimmtudag eftir að hafa legið í dvala síðan 2008.

Ragnar Kjartansson hlaut Sjónlistaverðlaunin 2012 fyrir verk sitt The End, Endalokin, sem var framlag Íslands til Feneyjartvíæringsins árið 2009.

Tveir aðrir voru verðlaunaðir á hátíðinni á fimmtudagskvöld. Jeanette Castioni fékk Spíruna, sem veitt er ungum og upprennandi listamönnum. Jeannette Castioni er fædd í Verona á Ítalíu 1968. Hún útskrifaðist úr málaradeild listaakademíunnar í Bologna 2002 og frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands 2006.

Hildur Hákonardóttir hlaut heiðursverðlaun fyrir æviframlag til myndlistar á Íslandi. Hildur er fædd 1938; hún var meðlimur í SÚM-hópnum og var skólastjóri Myndlista- og handíðaskólans á árunum 1975-78, auk þess að stunda list sína og taka virkan þátt í kvennabaráttunni. Í blaðinu á föstudag var missagt að Hildur hefði hlotið Spíruna. Beðist er velvirðingar á því.



**VERÐLAUNAHAFAR** Jeanette Castioni, handhafi Spírunnar, Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Sjónlistamiðstöðvarinnar á Akureyri, og Hildur Hákonardóttir, heiðursverðlaunahafi. Á myndina vantar Ragnar Kjartansson. FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIÐA.IS




## Heimspíanistar í Hörpu

**Sigurvegarar í Busoni-píanókeppninni á Ítalíu koma fram á tónleikum í Norðurljósasal Hörpu þann 22.október.**

**Busoni-píanókeppnin nýtur mikillar virðingar innan klassíska tónlistargeirans. Sigurvegarar keppninnar í ár eru þau Antonii Baryschevskyi, Anna Bukina og Tatiana Chernichka. Sérstakur gestur á tónleikunum verður Víkingur Heiðar Ólafsson.**

**Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð Hörpu sem nefnist Heimspíanistar í Hörpu. Á efnisskrá verða verk eftir Bach, Beethoven, Schumann og Mussorgsky. Miðasala hófst um helgina.**



**LJÓSEINDIR** Ásdís Kalman sýnir í Hafnarhúsinu.

## Ljóseindir Ásdísar

Ljóseindir, sýning Ásdísar Kalman, var opnuð í sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu á laugardag. Sýningin samanstendur af abstrakt olíumálverkum. Í verkum Ásdísar dregur hún fram ljósaminningar og upplifanir og hvernig þær geta birst í málverkinu.

Þetta er áttunda einkasýning Ásdísar en áður hefur hún meðal annars sýnt í Listasal Mosfellsbæjar, Ásmundarsal og Norræna húsinu ásamt því að hafa tekið þátt í fjölda samsýninga hér á landi og í Frakklandi og Danmörku. Ásdís stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk námi til kennsluréttinda frá Listaháskóla Íslands árið 2004. Sýningin er frá miðvikudögum til sunnudaga milli klukkan 14 og 18 og lýkur sunnudaginn 30. september.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Mánudagur 17. september**

**➜ Tónlist**

**21.00** Duo Harpverk leikur tónlist á Café Rosenberg.

**➜ Fyrirlestrar**

**12.00** Dr. Damien Degeorges, fræðimaður við Grænlandsháskóla, heldur erindi um uppbyggingu grænlenska ríkisins. Fyrirlesturinn fer fram í Lögbergi, stofu 101, og fer hann fram á ensku.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




Bækur ★★★

**Næturóskin**

Höfundur: Anne B. Ragde.
Hjalti Rögnvaldsson þýddi.

**Mál og menning**

## Töffari missir kúlið

Anne B. Ragde varð í einni svipan einn mest lesni höfundur á Norðurlöndum með þrílógíu sinni um Berlínaraspirnar sem seinna urðu að geysivinsælli sjónvarpsseríu þar sem ættarsagan og átök kynslóðanna voru í forgrunni. Í Næturóskinni rær hún á dálítið önnur mið. Söguhetjan, tónlistarblaðamaðurinn Ingunn, er nútímakona fram í fingurgóma, vel stæð, í góðu starfi, stjórnar lífi sínu sjálf og stundar kynlíf, mikið kynlíf, með hverjum sem henni sýnist. Kynlíf er í hennar augum uppspretta unaðar og gleði svo framarlega sem ekki er verið að flækja það með klístruðum tilfinningaflækjum og skuldbindingu.

Einstaka sinnum hættir hún sér út í fast samband en er fljót að forða sér um leið og henni finnst áhugi hins aðilans dala. Höfnun er ekki á hennar matseðli. En auðvitað þjáist hún af undirliggjandi óhamingju. Guð forði því að kona sem lifir á eigin forsendum geti verið ánægð. Það verður að dubba upp handa henni draumaprins, einn með öllu; barni, hundi og litlu og sætu húsi. Nema hvað.

Sagan er alfarið sögð út frá hennar sjónarhorni og samskipti hennar við kynlífsfélagana og hinar konurnar í vinnunni einkennast af þörf fyrir að sýna og sanna að hún hafi fullkomið vald á öllum aðstæðum. Efasemdarköstin þegar hún er ein heima, kannski á fjórða ginglasi, skapa hárfína spennu og sársaukinn sem undir liggur er einungis gefinn í skyn, aldrei orðaður beint þannig að lesandinn fyllist forvitni og löngun til að vita meira um þessa konu og fortíð hennar.

Persóna Ingunnar er dásamlega vel skrifuð, alltaf stutt í húmorinn þótt undirtónninn sé sár og töffaraandlitið sem hún sýnir umheiminum virkar gegnheilt og sannfærandi. Ófullnægja hennar og efasemdir um eigið ágæti og lífsstíl virka dálítið minna sannfærandi og hinn dísæti og skærrauði ástarsöguendir kemur eins og blaut og illa lyktandi dula í andlit lesandans.

Ragde er frábær stílisti og sögumaður, kann að skammta upplýsingar í réttu magni til að viðhalda áhuga lesandans og samtölin eru með því besta sem undirrituð hefur lesið langa lengi. Dásamleg kaldhæðnin og skerandi sársaukinn vega salt og skapa jöfnu sem nánast er ómótstæðileg. Textinn flæðir vel og vönduð þýðing Hjalta Rögnvaldssonar skilar hverju blæbrigði með sóma.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel skrifuð og skemmtileg saga um eina skemmtilegustu kvenpersónu sem sést hefur á prenti langa lengi

# Konur og blóm í Kirsuberjatrénu

Björg Júlíana Árnadóttir sýnir olíumálverk sín í Kirsuberjatrénu við Vesturgötu 1 um þessar mundir. „Að þessu sinni hef ég tekið form blóma með það í huga að manneskjur, og þá konur sérstaklega, eiga ýmislegt sameiginlegt. Og ég reyni að tengja konuna við blómin á ljóðrænan máta,“ segir Björg Júlíana.

„Ég byrjaði að mála af fullum krafti 2008, eftir að ég missti vinnuna en ég vann í banka. Þá fór ég í Myndlistarskóla Kópavogs auk þess sem ég fór í nám í Iðnskólanum í Hafnarfirði á lista- og hönnunarbraut,“ segir Björg Júlíana og bætir við að hún deili vinnustofu með nokkrum konum og þangað fái þær til sín góða leiðbeinendur.

Björg hefur áður sýnt verk sín. „Ég hef haldið einkasýningar á landsbyggðinni og tekið þátt í samsýningum með Grósku, sem er félag myndlistarmanna í Garðabæ. Í sumar bauð ég hóp kvenna í sumarbústað upp í sveit í teboð og sýndi myndirnar mínar. En núna eru verkin komin í Kirsuberjatréð og verður vonandi vel tekið,“ segir hún að lokum.

Sýningin stendur til 24. september og er opin á verslunartíma. -bs



**BJÖRG JÚLÍANA ÁRNADÓTTIR** Konan og blómin nefnist sýning hennar í Kirsuberjatrénu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# ÞJÓÐIN BYGGIR SPÍTALA

## Feilspor eða fjárfesting til framtíðar?

**SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu og SH – Samtök heilbrigðisfyrirtækja boða til opins morgunverðarfundar fimmtudaginn 20. september næstkomandi kl. 8.30 í Hvammi, Grand Hóteli.**

Frummælendur fundarins eru:
**Katrín Ólafsdóttir**, lektor við HR
**María Heimisdóttir**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítala.

Í kjölfarið eru pallborðsumræður, þar sem viðhorf stjórnmálaflokkanna til fjárhagslegrar hagkvæmni verkefnisins eru reifuð af:
**Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur**, Samfylkingu
**Unni Brá Konráðsdóttur**, Sjálfstæðisflokki
**Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni**, Framsóknarflokki
**Birni Vala Gíslasyni**, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði
**Þór Saari**, Hreyfingunni.

Fundarstjóri er:
**Margrét Kristmannsdóttir**, formaður SVÞ.

Þátttökugjald með morgunverði er 2.500 krónur.

Skráning á **svth@svth.is** eða í síma **511 3000**.
Skráning og morgunverður hefjast kl. 8.00.

Allir velkomnir.

SAMTÖK HEILBRIGÐISFYRIRTÆKJA

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu



# Hátíðarstemmning á Djúpinu

**Það var sannkölluð hátíðarstemmning í Háskólabíó er kvikmyndin Djúpið var frumsýnd hér á landi. Gestir og aðstandendur myndarinnar fjölmenntu til að berja myndina augum en hún var sýnd fyrir nokkrum vikum á Kvikmyndahátíðinni í Toronto við góðan orðstír. Leikstjórinn Baltasar Kormákur var mættur í Háskólabíó sem og sá sem fer með aðalhlutverk myndarinnar, Ólafur Darri Ólafsson. Djúpið fjallar um þrekvirki Guðlaugs Friðþjófssonar, eina eftirlifandi skipverjans á bát sem sökk stutt frá Vestmannaeyjum.**















1 **BALTASAR OG BÖRNIN** Baltasar Kormákur leikstjóri tók eiginkonu sínu, Lilju Pálmadóttir, og börnin með sér á frumsýninguna.

2 **HANDRITSHÖFUNDURINN** Jón Atli Jónasson mætti ásamt unnustu sinni Urði Hákonardóttur.

3 **AÐALMENNIRNIR** Baltasar ásamt Ólafi Darra Ólafssyni og Bergsteini Björgúlfssyni.

4 **FJÖLSKYLDAN** Sigríður Arnardóttir ásamt eiginmanni sínum Kristjáni Franklín Magnússyni og Kjartani Franklín.

5 **VÍGALEGIR** Björn Thors, Guðjón Pedersen og Stefán Hallur Stefánsson stilltu sér upp.

6 **VEL KLÆDD** Leiklistarneminn Baltasar Breki, elsti sonur Baltasars, mætti ásamt Söru Björg Bjarnadóttur.

7 **BROSMILD** Hjónin Hrafnhildur Hafsteinsdóttir og Ásbjörn Bubbi Morthens brostu sínu blíðasta til ljósmyndara Fréttablaðsins.

8 **HVERJIR VORU HVAR** Halldór Halldórsson og Magnea Guðmundsdóttir skemmtu sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D | 8, 10 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | 7, 10 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | 6 | L |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| CAMPAIGN Luxus VIP | KL. 6 - 8 | 2D | VIP |
| FROST | KL. 6 - 8 - 10:45 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 5:20 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY Luxus VIP | KL. 10 | 2D | VIP |
| HIT AND RUN | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY | KL. 10 | 2D | 12 |
| FROST ÍSL. TALI | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | 6 - 8 - 10 - 10:50 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE | KL. 5:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 | KL. 6 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 - 10 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 8:40 - 10:20 | 2D | 16 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 5:30 | 2D | 12 |
| BRAVE | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D | KL. 5.50 -8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D | KL. 10.20 ÓTEXTUÐ | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10.45 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY LÚXUS | KL. 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 4 - 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 5.40 - 8 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| PARANORMAN 2D | KL. 3.30 | 7 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

facebook./smarabio • facebook./haskolabio

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 9 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 10.30 | 16 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 10 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 | 12 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




MÁNUDAGUR: A SEPERATION 17:30, 20:00, 22:30 ■ KVIK-NOR: EN KONGELIG AFFÆRE 17:20, 20:00, 22:40 ■ KVIK-NOR: PLAY 20:00 ■ KVIK-NOR: THE PUNK SYNDROME 18:00 ■ KVIK-NOR: COMPANY ORHEIM 22:00 ■ ELLES (ÞÆR) 20:00 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 22:10 ■ FJALLKONAN HRÓPAR Á VÆGÐ 18:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.




# Öll með tölu

Kvennaathvarfið þakkar góðar viðtökur eftir fyrstu viku átaksins Öll með tölu.

Tölurnar eru seldar um land allt og á síðunni www.ollmedtolu.is. Einnig er tekið á móti frjálsum framlögum á reikningsnúmer 101-26-43227, kt: 410782-0229.

Allur ágóði rennur óskiptur til kaupa á stærra húsnæði fyrir Kvennaathvarfið, sem hefur í þrjátíu ár aðstoðað konur og börn sem flýja ofbeldi.

**Von okkar er sú að við verðum öll með tölu áður en átakinu lýkur þann 23. september.**

Við skiptum máli - öll með tölu

The Women‘s Shelter is grateful for the good response the Button Sale Fund Raiser has received.

The buttons are sold all over the country and on the website www.ollmedtolu.is. Donations can also be made to the following account: 101-26-43227, kt: 410782-0229.

All proceeds go directly to the purchase of a larger house for the Shelter. For 30 years The Women‘s Shelter has helped women and children escape violence and abuse.

**Hopefully, everyone will have a button before the end of the Fund Raiser, September 23.**

*“We all make a difference - every button counts”*

**Sölustaðir:**

Bóksala stúdenta, Café Babalú, Fiskbúðin Freyjugötu, Kaffistofur stúdenta og Háma, Krónan, kaffihús Kaffitárs, Kaupfélag Skagfirðinga, Kjarval, Móðir kona meyja, Nettó, Nóatún, Pósturinn, Samkaup úrval, Verslunin Blómsturvellir.

KVENNA ATHVARF Sími 561 1205 • www.ollmedtolu.is

# sport

sport@frettabladid.is



**HAUKAR** komust auðveldlega áfram í EHF-bikarnum í handbolta um helgina en þá mættu þeir HC Mojkovac frá Svartfjallalandi í tveimur leikjum. Fyrri leikurinn vannst með tuttugu marka mun og sá seinni með sex mörkum. Tímabilið fer því vel af stað hjá Haukunum.



**GÖMLU MENNIRNIR FAGNA** Gunnleifur Gunnleifsson og Freyr Bjarnason hafa leikið frábærlega fyrir FH-inga í sumar og eru ekki hættir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bikarinn aftur í Fjörðinn

**FH er orðið Íslandsmeistari í knattspyrnu þó svo þrjár umferðir séu eftir af Pepsi-deildinni. Stig gegn Stjörnunni dugði til enda tapaði KR stórt gegn Blikum. Grindavík tapaði í Vestmannaeyjum og er fallið úr deildinni.**

**FÓTBOLTI** FH og Stjarnan skildu jöfn 2-2 á Samsung-vellinum í Garðabænum í gær en FH varð meistari í fyrsta sinn síðan 2009 með þessum úrslitum.

Stjörnumenn komust yfir í byrjun leiksins í gær en FH-ingar svöruðu um hæl. Atli Guðnason tryggði FH-ingum í raun Íslandsmeistaratitilinn tíu mínútum fyrir leikslok þegar hann kom gestunum yfir með laglegu marki. Stjarnan náði aftur á móti að jafna metin þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma og smá stress kom yfir FH-inga í nokkrar sekúndur áður en Þóroddur Hjaltalín jr. flautaði til leiksloka.

„Þetta er frábær tilfinning að vera orðinn Íslandsmeistari," sagði Guðjón Árni Antoníusson, leikmaður FH, eftir leikinn.

„Við ætluðum auðvitað að vinna leikinn í kvöld en manni er í raun alveg sama núna, þetta er búið, við erum meistarar. Við vorum aftur á móti ekki góðir í kvöld og í raun var spilamennska okkur ömurleg. Mér fannst leikurinn einhvern veginn bara líða áfram en það var gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að skora annað markið, það kláraði leikinn í raun."

„Þetta var rosalega erfiður leikur og maður er alveg búinn á því," sagði Björn Daníel Sverrisson, leikmaður FH, eftir leikinn í gær.

„Það er virkilega þægilegt að vera búnir að klára þetta þegar þrjár umferðir eru eftir og við getum farið aðeins rólegir inn í næstu leiki, haft gaman af hlutunum og spilað skemmtilegan fótbolta. Ég bjóst alltaf við því að við yrðum Íslandsmeistara en það kemur mér á óvart að vera búnir að tryggja okkur titilinn svona löngu fyrir mótslok, hélt kannski að við myndum berjast um dolluna alveg fram í lokaumferðina."

„Það er mikil liðsheild í þessu liði og það er að skila okkur þessum Íslandsmeistaratitli," sagði Atli Guðnason, leikmaður FH, eftir að liðið hafði tryggt sér titilinn stóra.

„Það hefði verið skemmtilegra að vinna leikinn hérna í lokin og leiðinlegt að fá þetta jöfnunarmark á okkur, en við er Íslandsmeistarar og það er gríðarlega gaman. Það var gaman að sjá boltann í netinu en ég setti hann bara á milli lappanna á markverðinum, alveg eins og á að gera þetta," sagði Atli Guðnason, markaskorari FH, eftir sigurinn í gær.

### KR-ingar töpuðu stórt

KR kastaði frá sér sínum titilvonum með neyðarlegu tapi í Vesturbænum gegn Blikum.

Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, var ómyrkur í máli í lok leiks og sagði gengi liðsins að undanförnu illskiljanlegt.

„Það er erfitt að útskýra gengi okkar í undanförnum leikjum. Við höfum lagt leikina upp með því að reyna að vinna þá en það virðist ekkert ganga né falla með okkur," sagði Rúnar.

„Við erum bara búnir að ná í átta stig í síðari umferðinni sem er skelfileg uppskera og erum við alls ekki sáttir við það. Við erum bikarmeistarar en erum búnir að missa af titlinum og er það sárt og svekkjandi. Við stefndum á að ná að vinna deildina líka en það gekk ekki eftir," sagði Rúnar að lokum.

### Grindavík fallið

Lærisveinar Guðjóns Þórðarsonar féllu endanlega við tap í Eyjum.

„Staðreynd dagsins er sú að við erum fallnir og yfirleitt þegar lið falla er það vegna þess að þau eru ekki nógu góð. Það þurfa allir að kíkja á sína frammistöðu, ég þarf að kíkja á mína og mínir leikmenn þurfa að kíkja á sína," sagði Guðjón dapur.

„Við þurfum að meta það og vega hvernig við getum bætt það sem úrskeiðis hefur farið. Stundum þarf að taka eitt skref aftur á bak til að taka tvö skref áfram, það er það sem við verðum að gera," sagði Guðjón en athygli vakti að hann brá sér til Spánar á dögunum í frí. Hann vildi ekki ræða um það eftir leikinn.

**- sáp, shf, gts**

## 2-2

Samsungvöllur, áhorf.: 1.257 Þóroddur Hjaltalín (7)

**1-0 Halldór Orri Björnsson (11.), 1-1 Albert Brynjar Ingason (15.), 1-2 Atli Guðnason (81.), 2-2 Mark Doninger (90.).**

**Skot (á mark):** 9-7 (5-6)
**Varin skot:** Ingvar 3 - Gunnleifur 3.

**STJARNAN (4-3-3):** Ingvar Jónsson 6 - Jóhann Laxdal 6, Tryggvi Sveinn Bjarnason 6 (58. Baldvin Sturluson 5), Daníel Laxdal 7, Hörður Árnason 6 (84. Garðar Jóhannsson -) - Alexander Scholz 6, Halldór Orri Björnsson 7, Atli Jóhannsson 5 - Gunnar Örn Jónsson 3 (72. Mark Doninger 5), Kennie Knak Chopart 5, Ellert Hreinsson 4.

**FH (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Guðjón Árni Antoníusson 6, Freyr Bjarnason 7, Guðmann Þórisson 7, Danny Justin Thomas 6 - Pétur Viðarsson 6, Björn Daníel Sverrisson 7, Bjarki Gunnlaugsson 6 -Hólmar Örn Rúnarsson 5 (69. Viktor Örn Guðmundsson 5), **Atli Guðnason 8**, Albert Brynjar Ingason 7.

* MAÐUR LEIKSINS

## 2-0

Fylkisvöllur. Vilhjálmur Þórarinsson (7)

**1-0 Magnús Þórir Matthíasson (58.), 2-0 Björgólfur Takefusa (71.).**

**Skot (á mark):** 10-10 (6-4)
**Varin skot:** Bjarni 4 - Ismet 3.

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 5 - Davíð Þór Ásbjörnsson 5 (67., Ásgeir Eyþórsson), Kjartan Ágúst Breiðdal 5, David Elebert 5 (61., Björgólfur Takefusa 6), Tómas Þorsteinsson 5 - Finnur Ólafsson 6, Elís Rafn Björnsson 6 (46., Sigurvin Ólafsson 6), Emil Ásmundsson 5 - Ingimundur Níels Óskarsson 4, Árni Freyr Guðnason 4, Magnús Þórir Matthíasson 5

**SELFOSS (4-5-1):** Ismet Duracak 5 - Endre Ove Brenne 5, Stefán Guðlaugsson 5, Hafþór Þrastarsonz 5, Robert Sandnes 5 - Jón Daði Böðvarsson 6, Egill Jónsson 5, Babacar Sarr 4, Tómas Leifsson 4 (30., Ivar Skjerve 5) , Jon Royrane 4 (56., Marko Hermo 5) - Viðar Kjartansson 5.

* MAÐUR LEIKSINS

## 1-1

Akranesvöllur, áhorf.: 813 Kristinn Jakobsson (7)

**0-1 Matthías Guðmundsson (86.), 1-1 Garðar Bergmann Gunnlaugsson (90.)**

**Skot (á mark):** 7-16 (3-7)
**Varin skot:** Páll 6 - Sindri 2.

**ÍA (4-3-3):** Páll Gísli Jónsson 7 - Theodore Furness 5, Ármann Smári Björnsson 6, Kári Ársælsson 5, Guðjón Heiðar Sveinsson 3 - Einar Logi Einarsson 4, Arnar Már Guðjónsson 3, Hallur Flosason 4 (61., Jesper Holdt Jensen 6) - Dean Martin 4 (76., Jón Vilhelm Ákason -), Andri Adolphsson 6, Garðar Bergmann Gunnlaugsson 6

**VALUR (4-5-1):** Sindri Snær Jensson 5 - Jónas Tor Næs 5, Matarr Jobe 6, Halldór Kristinn Halldórsson 6, Úlfar Hrafn Pálsson 6 - Haukur Páll Sigurðsson 7, **Rúnar Már Sigurjónsson 8***, Kristinn Freyr Sigurðsson 8 - Ásgeir Þór Ingólfsson 3 (67., Indriði Áki Þorláksson 6), Matthías Guðmundsson 7 (90., Atli Heimisson -), Kolbeinn Kárason 6 (79., Þórir Guðjónsson -).

* MAÐUR LEIKSINS

### STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **19** | **13** | **3** | **3** | **45-19** | **42** |
| ÍBV | 19 | 9 | 4 | 6 | 30-17 | 31 |
| KR | 19 | 9 | 4 | 6 | 32-27 | 31 |
| **Stjarnan** | **19** | **7** | **9** | **3** | **39-33** | **30** |
| Breiðablik | 19 | 8 | 5 | 6 | 26-24 | 29 |
| **ÍA** | **19** | **8** | **5** | **6** | **28-32** | **29** |
| ------------ | | | | | | |
| Fram | 19 | 6 | 2 | 11 | 27-34 | 20 |
| **Selfoss** | **19** | **5** | **3** | **11** | **25-36** | **18** |
| Grindavík | 19 | 2 | 4 | 13 | 26-49 | 10 |

## 0-4

KR-völlur. Þorvaldur Árnason (7)

**0-1 Kristinn Jónsson (34.), 0-2 Nicholas Rohde (72.), 0-3 Elfar Árni Aðalsteinsson (81.), 0-4 Tómas Óli Garðarsson (90.).**

**Skot (á mark):** 8-7 (5-6)
**Varin skot:** Hannes 2 - Ingvar 3.

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórson 5 - Magnús Már Lúðvíksson 4, Bjarni Guðjónsson 4, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 4, Aron Bjarki Jósepsson 3 - Jónas Guðni Sævarsson 4, Björn Jónsson -, (4., Viktor Bjarki Arnarsson 3), Baldur Sigurðsson 5 - Þorsteinn Már Ragnarsson 5, Emil Atlason 4, Gary Martin 3.

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Ingvar Þór Kale 7 - Þórður Steinar Hreiðarsson 7, Renee Troost 7, Sverrir Ingi Ingason 7, **Kristinn Jónsson 8*** - Ben Everson 7(88., Stefán Þór Pálsson -), Tómas Óli Garðarsson 8, Rafn Andri Haraldsson 7 - Arnar Már Björgvinsson 5(69., Elfar Árni Aðalsteinsson 6), Andri Rafn Yeoman 6, Nichlas Rohde 7(90., Haukur Baldvinsson -).

* MAÐUR LEIKSINS

## 5-0

Nettóvöllur, áhorf.: 713 Gunnar J. Jónsson (6)

**1-0 Sigurbergur Elísson (18.), 2-0 Sigurbergur Elísson (62.), 0-3 Einar Orri Einarsson (68.), 4-0 Hörður Sveinsson (73.), 5-0 Jóhann Ragnar Benediktsson (81.)**

**Skot (á mark):** 11-4 (8-3)
**Varin skot:** Ómar 3 - Ögmundur 2.

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Ómar Jóhannsson 6 – Grétar Atli Grétarsson 7, Haraldur Freyr Guðmundsson 7, Magnús Þór Magnússon 7, Jóhann Ragnar Benediktsson 7 – Magnús Sverrir Þorsteinsson 6 (77., Bojan Stefán Ljubicic ), Frans Elvarsson 7, Denis Selimovic 6, Einar Orri Einarsson 7 (83., Elías Már Ómarsson -), **Sigurbergur Elísson 8*** – Guðmundur Steinarsson 7 (69., Hörður Sveinsson 6).

**FRAM (4-5-1):** Ögmundur Kristinsson 4 – Daði Guðmundsson 3, Alan Lowing 3, Kristján Hauksson 4, Sam Tillen 4 – Jón Gunnar Eysteinsson 3, Halldór Hermann Jónsson 5, Samuel Hewson 4 – Almarr Ormarsson 5 (77., Sveinbjörn Jónasson -), Kristinn Ingi Halldórsson 5, Orri Gunnarsson 4.

* MAÐUR LEIKSINS

## 2-1

Hásteinsvöllur, áhorf.: 611 Garðar Ö. Hinriksson (7)

**1-0 Christian Steen Olsen (23.), 2-0 Andrí Ólafsson, víti (32,), 2-1 Hafþór Ægir Vilhjálmsson (51.)**

**Skot (á mark):** 11-5 (6-3)
**Varin skot:** Abel 2 - Óskar 2.

**ÍBV (4-3-3):** Abel Dhaira 7 - Arnór Eyvar Ólafsson 7, Brynjar Gauti Guðjónsson 6, Rasmus Christiansen 6, Matt Garner 6 - Tonny Mawejje 6, Andri Ólafsson 6, Guðmundur Þórarinsson 6 - **Víðir Þorvarðarson 8*,** Christian Steen Olsen 6, Ian David Jeffs 6.

**GRINDAVÍK (4-4-2):** Óskar Pétursson 5 - Ray Anthony Jónsson 5, Björn Berg Bryde 5, Ólafur Örn Bjarnason 5, Matthías Örn Friðriksson 5 - Óli Baldur Bjarnason 6 (67., Scott Mckenna Ramsay 5), Iain James Williamson 6 (70., Alex Freyr Hilmarsson 5), Marko Valdimar Stefánsson 6, Hafþór Ægir Vilhjálmsson 7 - Tomi Ameobi 4, Pape Mamadou Faye 5.

* MAÐUR LEIKSINS





**GLEÐI** Íslensku stelpurnar fagna hér fyrra marki liðsins sem Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði. Fanndís Friðriksdóttir skoraði hitt markið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stelpurnar okkar búnar að tryggja sér umspilssæti í undankeppni EM:

# Förum til Noregs til þess að vinna

**FÓTBOLTI** Ísland vann um helgina virkilega mikilvægan sigur, 2-0, á Norður-Írum í undankeppni Evrópumótsins í knattspyrnu kvenna sem fram fer árið 2013 í Svíþjóð.

Íslenska liðið er í efsta sæti riðilsins með 22 stig, einu stigi á undan Noregi en þessi lið mætast einmitt í lokaleik riðilsins á Ullevål-vellinum í Ósló á miðvikudagskvöldið. Íslandi nægir jafntefli í leiknum til að komast á Evrópumótið en liðið hefur nú þegar tryggt sér umspil um laust sæti.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari var ánægður eftir leikinn gegn Norður-Írum og fullur sjálfstrausts fyrir úrslitaleikinn á Ullevål-vellinum á miðvikudaginn.

„Við spiluðum vel í dag og réðum ferðinni allan leikinn,“ sagði Sigurður Ragnar eftir leikinn á laugardaginn.

„Norður-írska liðið getur refsað manni illa og við vissum það fyrir leikinn í dag en þær unnu til að mynda norska liðið í riðlinum og sýndu með því mikinn styrk. Alveg frá byrjun hefur það verið markmið okkar að vinna þennan riðil og það ætlum við okkur að gera á miðvikudaginn. Við teljum okkur vera með betra lið en það norska og förum í þann leik til að vinna.“

„Við gáfum ekki færi á okkur í dag og sigurinn var aldrei í hættu,“ sagði Margrét Lára Viðarsdóttir, leikmaður íslenska landsliðsins, eftir leikinn á laugardaginn.

„Við förum í leikinn úti í Noregi með það markmið að halda markinu okkar hreinu, við skorum alltaf mörk og ég hef engar áhyggjur af því. Við erum með betra lið en þær norsku og ætlum okkur að komast á Evrópumótið í Svíþjóð.“ - sáp

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

**ARSENAL - SOUTHAMPTON 6-1**
1-0 Jan Hooiveld, sjm (11.), 2-0 Lukas Podolski (30.), 3-0 Gervinho (34.), 4-0 Nathaniel Clyne, jm (37.), 4-1 Daniel Fox (45.), 5-1 Gervinho (70.), 6-1 Theo Walcott (87.).

**ASTON VILLA - SWANSEA CITY 2-0**
1-0 Matthew Lowton (15.), 2-0 Christian Benteke (87.).

**FULHAM - WEST BROMWICH ALBION 3-0**
1-0 Dimitar Berbatov (31.), 2-0 Dimitar Berbatov, víti (45.), 3-0 Steve Sidwell (88.).

**MANCHESTER UNITED - WIGAN 4-0**
1-0 Paul Scholes (50.), 2-0 Javier Hernandez (62.), 3-0 Alexander Büttner (65.), 4-0 Nick Powell (81.).

**STOKE CITY - MANCHESTER CITY 1-1**
1-0 Peter Crouch (14.), 1-1 Javi Garcia (34.).

**SUNDERLAND - LIVERPOOL 1-1**
1-0 Steven Fletcher (28.), 1-1 Luis Suarez (70.)

**NORWICH - WEST HAM 0-0**

**READING - TOTTENHAM 1-3**
0-1 Jermain Defoe (18.), 0-2 Gareth Bale (71.), 0-3 Jermain Defoe (74.), 1-3 Robson-Kanu (90.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **4** | **3** | **1** | **0** | **8-2** | **10** |
| Man. United | 4 | 3 | 0 | 1 | 10-5 | 9 |
| **Arsenal** | **4** | **2** | **2** | **0** | **8-1** | **8** |
| Manchester City | 4 | 2 | 2 | 0 | 9-6 | 8 |
| **Swansea City** | **4** | **2** | **1** | **1** | **10-4** | **7** |
| WBA | 4 | 2 | 1 | 1 | 6-4 | 7 |
| **West Ham** | **4** | **2** | **1** | **1** | **4-3** | **7** |
| Fulham | 4 | 2 | 0 | 2 | 10-6 | 6 |
| **Everton** | **3** | **2** | **0** | **1** | **4-3** | **6** |
| Tottenham | 4 | 1 | 2 | 1 | 6-5 | 5 |
| **Stoke City** | **4** | **0** | **4** | **0** | **4-4** | **4** |
| Aston Villa | 4 | 1 | 1 | 2 | 4-5 | 4 |
| **Newcastle** | **3** | **1** | **1** | **1** | **3-4** | **4** |
| Wigan Athletic | 4 | 1 | 1 | 2 | 4-8 | 4 |
| **Sunderland** | **3** | **0** | **3** | **0** | **3-3** | **3** |
| Norwich City | 4 | 0 | 3 | 1 | 2-7 | 3 |
| **Liverpool** | **4** | **0** | **2** | **2** | **3-8** | **2** |
| QPR | 4 | 0 | 2 | 2 | 2-9 | 2 |
| **Reading** | **3** | **0** | **1** | **2** | **4-8** | **1** |
| Southampton | 4 | 0 | 0 | 4 | 5-14 | 0 |



**ÓTRÚLEGUR** Scholes fagnar hér sögulegu marki sínu á laugardag. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

# Góð helgi fyrir Man. Utd

**FÓTBOLTI** Man. Utd kom vel út úr helginni enda vann liðið sinn leik en Man. City og Chelsea töpuðu bæði stigum.

Paul Scholes skoraði eitt marka Man. Utd gegn Wigan í sögulegum leik enda var þetta leikur númer 700 hjá Scholes fyrir félagið.

„Svona þekkjum við Scholesy og munum muna eftir honum. Hann kemur eins og draugur inn í teiginn og klárar færið,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd.

Scholes er búinn að skora í 100., 200., 300., 400., 500., 600., og 700 leik sínum fyrir félagið. Ótrúlegt afrek. - hbg




ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.
Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook
www.kia.is

## > Popptíví kl. 20.40

### So You Think You Can Dance

***Dansþátturinn So You Think You Can Dance mun næstu vikurnar vera á dagskrá Popptíví á mánudagskvöldum eftir að einn vinsælasti skemmtiþáttur heims, The X Factor, sneri aftur á Stöð 2 á föstudagskvöldum. Það eru þrír þættir eftir í danskeppninni og spennan magnast með hverjum þætti.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ HEIMSÆKIR

# *Skyggnst í hús skálda*

Trauðla hefur betri uppfinning litið dagsins ljós en útvarpsviðtækið. Jú jú, vel má vera að einhverjum þyki einhver lífsnauðsynleg tól mikilvægari og vafalaust eru einhverjir meira fyrir tölvuna og þetta internet sem virðist æ líklegra að sé ekki bara bóla. Hvað mig varðar nær tæknin hins vegar hámarki í lúnu tæki í eldhúsglugganum sem leyfir mér að ferðast um óravíddir alheimsins og djúpt inn á við.

Í einfaldleika sínum býður útvarpið þér upp á tóna og tal, mannlega tilveru.

Undanfarna sunnudaga hefur Ríkisútvarpið boðið hlustendum heim til nokkurra góðskálda. Um er að ræða dagskrá sem var hluti af Listahátíð, þegar skáld buðu gestum heim, röbbuðu við þá og lásu úr verkum sínum, gömlum sem nýjum og nokkrum óútkomnum. Og einhver fékk þá snilldarhugmynd að hafa upptökutæki með í för.



Undanfarið hef ég því kíkt í kaffi til skálda og rithöfunda og notið andlegs viðurgjörnings, en skáldin hafa boðið upp á hnallþórur hugans af gnægtaborði sínu. Í gær bauð Einar Már Guðmundsson heim í stofu og las til dæmis úr bók sinni Er nokkur í Kórónafötum hér inni? sem er tvímælalaust einn flottasti bókatitill sögunnar. Enn og aftur sýnir Rás 1 fram á hvernig hægt er að gera gæðadagskrá á einfaldan hátt.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Bak við stjörnurnar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dauðinn í Feneyjum **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Lífsstarfið : Fortíð og framtíð **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði **20.00** Leynifélagið **20.30** Bankað upp á **21.30** Kvöldsagan: Folda **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.25** Á söngleiðum **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.15 Silfur Egils** (e)
**16.35 Herstöðvarlíf** (3:23) (Army Wives)
**17.20 Sveitasæla**
**17.34 Spurt og sprellað**
**17.44 Óskabarnið**
**18.03 Teiknum dýrin**
**18.08 Fum og fát** (16:20) (Panique au village)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Frá Svíþjóð til himins** (5:8) (Från Sverige till himlen)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Undur alheimsins – Stjörnuryk** (2:4) (Wonders of the Universe) Í þessum heimildamyndaflokki frá BBC útskýrir prófessorinn Brian Cox hvernig lögmál vísindanna skýra ekki aðeins sögu alheimsins, heldur líka sögu okkar allra.
**21.15 Castle** (24:34)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Líf og sjóðir** (2:2) Heimildarþættir um íslenska lífeyrissjóðakerfið.
**22.55 Njósnadeildin** (4:8) (Spooks IX) (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Tooth Fairy**
**10.00 Noise**
**12.00 Kalli á þakinu**
**14.00 Tooth Fairy**
**16.00 Noise**
**18.00 Kalli á þakinu**
**20.00 Precious**
**22.00 Annihilation Earth**
**00.00 The New Monsters Today**
**02.00 This is England**
**04.00 Annihilation Earth**
**06.00 The Tempest**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (14:22)
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (146:175)
**10.20 Chuck** (23:24)
**11.05 Smash** (11:15)
**11.45 Falcon Crest** (8:29)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance** (17:23) (18:23)
**15.05 ET Weekend**
**15.55 Stuðboltastelpurnar**
**16.20 Villingarnir**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (1:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (21:22)
**19.45 Modern Family** (22:24)
**20.10 Jamie Oliver's Food Revolution** (1:6) Kokkurinn heldur aftur til Bandaríkjanna til að berjast gegn offitu, hjartasjúkdómum og sykursýki sem eru sívaxandi vandamál þar.
**20.55 Fairly Legal** (3:13)
**21.40 The Pillars of the Earth** (6:8) Þættir byggðir á metsölubók Kens Folletts.
**22.35 Who Do You Think You Are?** (6:7)
**23.20 The Big Bang Theory** (20:24)
**23.45 Mike & Molly** (5:23)
**00.05 How I Met Your Mother** (23:24)
**00.30 Bones** (10:13)
**01.15 Veep** (3:8)
**01.40 Weeds** (8:13)
**02.10 V** (12:12)
**02.55 Chuck** (23:24)
**03.40 NCIS** (20:24)
**04.25 Fairly Legal** (3:13)
**05.10 Malcolm in the Middle** (21:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi-mörkin**
**16.35 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Kiel**
**18.00 Pepsi-deild kk: Stjarnan - FH**
**19.50 Pepsi-mörkin**
**21.00 Spænsku mörkin**
**21.30 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**22.00 Spænski boltinn: Getafe - Barcelona**
**23.45 Spænski boltinn: Sevilla - Real Madrid**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Reading - Tottenham**
**12.50 QPR - Chelsea**
**14.40 Sunderland - Liverpool**
**16.30 Sunnudagsmessan**
**17.45 Premier League Review Show 2012/13**
**18.45 Everton - Newcastle** BEINT
**21.00 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir úr öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**22.30 Everton - Newcastle**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.
**17.00 M.I. High**
**17.30 iCarly** (23:25)
**17.55 Tricky TV** (23:23)

## POPP TÍVÍ

**17:05 The Simpsons**
**17:30 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**18:15 Glee** (1:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu þrátt fyrir mikið mótlæti frá klappstýrukennaranum Sue.
**19:00 Friends**
**19:25 Simpson-fjölskyldan**
**19:50 Friends** (21:25)
**20:15 New Girl** (1:24) Frábærir gamanþættir um Jess sem neyðist til að endurskoða líf sitt þegar hún kemst að því að kærastinn hennar er ekki við eina fjölina felldur. Hún finnur sér draumameðleigjendur þegar hún flytur inn með þremur karlmönnum og eru samskipti fjórmenninganna vægast sagt skopleg.
**20:40 So You Think You Can Dance** (13:15)
**22:05 Privileged** (5:18) Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forríkri fjölskyldu sem einkakennari tvíburasystra sem eru ofdekraðar og gjörspilltar.
**22:45 Friends** (21:25)
**23:10 New Girl** (1:24)
**23:35 So You Think You Can Dance** (13:15)
**00:55 Privileged** (5:18)
**01:40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** (27:175)
**19.00 Ellen** (1:170)
**19.40 Spurningabomban** (8:10)
**20.25 Að hætti Sigga Hall** (2:12)
**20.55 Little Britain** (5:8)
**21.25 Pressa** (5:6)
**22.10 Ellen** (1:170)
**22.55 Spurningabomban** (8:10)
**23.40 Að hætti Sigga Hall** (2:12)
**00.10 Little Britain** (5:8)
**00.40 Doctors** (27:175)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 90210** (1:22) (e)
**16.35 Minute To Win It** (e)
**17.20 Rachael Ray**
**18.05 Big Fat Gypsy Wedding** (1:5) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (12:48) (e)
**19.35 Will & Grace** (16:24)
**20.00 One Tree Hill** (10:13)
**20.45 Rookie Blue** (10:13)
**21.30 Óupplýst** (3:7) Spennandi þættir um óupplýst íslensk mál sem byggð eru á sögum Íslendinga af óútskýrðum atburðum sem hafa átt sér stað.
**22.00 CSI: New York** (5:18)
**22.50 Jimmy Kimmel**
**23.35 Law & Order: Special Victims Unit** (5:24) (e)
**00.20 Leverage** (2:16) (e)
**01.05 The Bachelorette** (4:12) (e)
**02.35 CSI** (2:22) (e)
**03.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** The Sport of Golf (1:1) **08.55** Wells Fargo Championship 2012 (4:4) **13.35** Golfing World **14.25** The Memorial Tournament 2012 (3:4) **17.25** PGA Tour - Highlights (33:45) **18.20** Golfing World **19.10** The Memorial Tournament 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** Champions Tour - Highlights (17:25) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## iNN

**20.00** Heilsuþáttur Jóhönnu **20.30** Golf fyrir alla 3 **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Eldhús meistranna

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





ÁRSKORT
Í LÍKAMSRÆKT OG SUND
Á AÐEINS 33.990 KR.
Það gera aðeins 2.833 kr. á mánuði. Vaxtalausar Visa/Euro-léttgreiðslur í boði
Tilboð gildir til 20. september 2012
Nýtt! Hóptímar
í Sundlaug Kópavogs
• Spinning
• Jóga
• Stöðvarþjálfun
• Core
• Flottar konur
• Morgunpuð
• Hádegispuð
• Morgunhressing
• Útiþjálfun
Aðgangur að hóptímum er innfalinn í verði korts
ACTIC
LÍKAMSRÆKT & SUND
Kortið gildir í líkamsrækt, hóptíma og sund í
Sundlaug Kópavogs og líkamsrækt og sund í Salalaug.
Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.acticgym.is

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Lagið Disparate Youth með Santigold setur yfirleitt tóninn fyrir vikuna á mánudögum.“*

Sunneva Sverrisdóttir, annar stjórnandi þáttarins Tveir plús sex á Popptíví.

# Leggur lokahönd á spennusögu

Kvikmyndin Djúpið verður frumsýnd í kvikmyndahúsum í þessum mánuði og er leikskáldið Jón Atli Jónasson handritshöfundur myndarinnar. Hann skrifaði einnig handritið að Frosti, sem frumsýnd var 7. september síðastliðinn, og er leikskáld Borgarleikhússins.

Inntur eftir því hvort þetta hafi verið sérstaklega annasamt ár svarar Jón Atli neitandi. „Nei, það tekur langan tíma að gera bíómynd á borð við Djúpið og ég lauk þeirri vinnu fyrir nokkuð löngu síðan. Balti gerði aðra kvikmynd í millitíðinni og því hefur þetta tekið sinn tíma. Allir sem að henni standa eru þó ánægðir með hvað vandað var til verka,“ segir Jón Atli og kveðst spenntur fyrir frumsýningu Djúpsins. „Ég hef séð myndina á vinnslustigum hennar og er orðinn mjög spenntur að sjá hana í bíósal.“

Jón Atli er einnig að leggja lokahönd á spennusögu sem hann hyggst gefa út fyrir jól. Hann segir löngun ekki hafa ráðið því að hann settist við skriftir á spennusögu heldur hafi efniviðurinn valið formið. „Ég vann óvart Gaddakylfuna í fyrra og ákvað í kjölfarið að rannsaka þetta form betur. Þessi saga er ekki unnin út frá vinningssögunni en er í sama anda og fjallar um hrylling hversdagsins.“

Þetta er ekki fyrsta bók Jóns Atla því árið 2001 sendi hann frá sér smásagnasafnið Brotinn taktur og fyrsta skáldsaga hans Í frostinu kom út árið 2005. Hann hefur þó helst vakið athygli fyrir leikverk sín og vann meðal annars Grímuverðlaunin fyrir leikritið Brim árið 2004.

Þegar Jón Atli er að lokum spurður út í framtíðarverkefni sín er hann svarafár. „Það er ýmislegt í vinnslu, meira get ég ekki sagt.“ **- sm**



**IÐINN VIÐ KOLANN** Jón Atli Jónasson hefur í nógu að snúast. Hann skrifaði handritið að Frosti og Djúpinu auk þess að vera leikskáld Borgarleikhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# SMS-skilaboð og Merlin-leikur

Breski listamaðurinn Tracey Moberly verður á meðal fyrirlesara á alþjóðlegu ráðstefnunni You Are In Control sem verður haldin í fimmta sinn í Hörpu 4. til 6. nóvember. Ráðstefnan snertir allar hliðar skapandi greina, svo sem mat, tölvutækni, bókmenntir, hönnun, tónlist, kvikmyndagerð, tölvuleikjagerð og viðskipti.

Moberly mun fara yfir verkefnið sitt Text Me Up!. Það er samantekt á persónulegum sms-sendingum, margar frá frömuðum innan listheimsins, sem teknar hafa verið saman í bók. „Ég er mjög ánægð með að hafa verið boðið að flytja erindi á You Are In Control 2012 og hlakka mikið til að kynnast fjölbreytileika íslenskra listamanna og skapandi fólks,“ segir Moberly. „Þetta er fullkominn vettvangur til að skoða hlutverk skapandi fólks þegar litið er á áskoranir og tækifæri sem mannfólkið stendur frammi fyrir næstu tíu árin.“

Roberta Lucca frá tölvuleikjafyrirtækinu Bocca Studios heldur einnig fyrirlestur á ráðstefnunni. Lucca mun tala um tvö lykilverkefni sem Bossa vinnur að þessa dagana, eða Bafta-verðlaunaverkefnið Monstermind sem er Facebook-app sem leyfir þátttakendum að byggja sinn eigin bæ, og Merlin The Game sem er leikur byggður á samnefndri sjónvarpsþáttaröð og kemur út í október.



**TRACEY MOBERLY** Listamaðurinn verður á meðal fyrirlesara á You Are In Control. MYND/JOHNNY GREEN

**EVA MARÍA:** PINK ICELAND ANNAST BRÚÐKAUP GAGNKYNHNEIGÐS PARS

# Ekki með neina fordóma gegn gagnkynhneigðum

„Við höfum skipulagt fjölda brúðkaupa hérlendis fyrir samkynhneigða ferðamenn en þetta var í fyrsta skipti sem gagnkynhneigt par leitaði til okkar,“ segir Eva María Þórarinsdóttir Lange hjá hinsegin ferðaþjónustufyrirtækinu Pink Iceland.

Pink Iceland var stofnað snemma árs 2011 og sérhæfir sig í að þjónusta samkynhneigða ferðamenn sem vilja koma til Íslands. Mjög fljótlega fóru þeim að berast beiðnir frá samkynhneigðum pörum sem óskuðu eftir aðstoð við skipulagningu brúðkaupa og skuldbindingaathafna á Íslandi. Fyrir tveimur vikum fékk Pink Iceland þó hina óvenjulegu beiðni að taka að sér skipulagningu á brúðkaupi gagnkynhneigðs pars frá Bandaríkjunum og fékk til þess tíu daga. „Við redduðum því að sjálfsögðu, á íslenska mátann. Þau spurðu hvort það væri vandamál fyrir okkur að þau væru gagnkynhneigð en að sjálfsögðu var það ekki, við erum ekki með neina fordóma,“ segir Eva María og hlær. Parið, Shandi og Casey, hefur verið saman í nítján ár og eiga von á sínu fyrsta barni. Þau gengu í hjónaband á Þingvöllum þann 3. september í grenjandi rigningu. Fjölskyldum þeirra var svo tilkynnt um það í gegnum Skype seinna um kvöldið. Í kjölfarið hélt parið svo í tíu daga brúðkaupsferð um landið.

Aðspurð hvort Pink Iceland muni í framhaldinu miða þjónustu sína í meiri mæli að gagnkynhneigðum segir Eva María það ekki vera stefnuna. „Við erum með okkar markhóp á hreinu og það er hinsegin-hópurinn. Fyrirtækið er samt rekið í fordómaleysi og við tökum á móti öllum fagnandi,“ segir hún. „Ætli vídeigandi mottó fyrir okkur sé ekki Allt fyrir ástina,“ bætir hún við og hlær.

Að sögn Evu Maríu var ætlunin með stofnun Pink Iceland aldrei sú að fara í brúðkaupsbransann. Það hafi gerst alveg óvart en sé nú orðið með þeirra helstu verkefnum. „Við erum í rauninni búin að búa til hliðarhugmynd án þess að hafa ætlað okkur það. Þetta eru samt með okkar allra skemmtilegustu verkefnum þó þeim fylgi mikil nákvæmnisvinna og þau geti valdið miklu stressi,“ segir hún hlæjandi. **tinnaros@frettabladid.is**



**GAGNKYNHNEIGT BRÚÐKAUP** Shandi og Casey nýttu sér þjónustu hinsegin ferðaþjónustufyrirtækisins Pink Iceland við undirbúning brúðkaups síns. MYND/KRISTÍN MARÍA

## ÍSLENSK BRÚÐKAUP LÍKA

Hingað til hefur Pink Iceland komið að undirbúningi tólf brúðkaupa, en aðeins er rúmt ár síðan það fyrsta kom inn á borð til þeirra. Eva María segir þó misjafnt hversu mikið þau koma að skipulagningunni. „Í sumum brúðkaupum gerum við allt frá nafnspjöldum og boðskortum en í öðrum aðstoðum við að minna leyti, til dæmis bara með tónlist og skreytingar,“ segir hún en nokkur íslensk pör hafa einnig leitað eftir aðstoð frá þeim. Þegar erlend pör eru annars vegar gengur Pink Iceland svo langt í þjónustunni að sjá um alla pappírsvinnu fyrir brúðhjónin líka.




**Málstofa um „Hjúkrunarheimili framtíðarinnar“**

Árlega er alþjóðlega Alzheimersdagsins hinn 21. september minnst um heim allan.

Að þessu sinni mun FAAS beina sjónum að hjúkrunarheimilum framtíðarinnar, hvernig þau munu þróast og hvaða áherslur ber að leggja í þeirri þróun.

FAAS býður í tilefni dagsins til málstofu á Grand Hóteli föstudaginn 21. september 2012 kl. 17-19

**Dagskrá:**

Stutt erindi flytja:

**Anna Birna Jensdóttir,** *hjúkrunarforstjóri í Sóltúni*
**Ragnheiður Stephensen,** form. Fél. eldri borgara Mosfellsbæ
**Sr. Sigurður Jónsson,** *sóknarprestur Ásprestakalls*
**Pétur Magnússon,** *forstjóri Hrafnistu*
**Þorsteinn Guðmundsson,** *leikari*

*Umræður og fyrirlesarar munu svara fyrirspurnum.*

**Málstofustjóri:**
**Ragnheiður Ríkharðsdóttir** *alþingismaður og fulltrúi í velferðarnefnd Alþingis*

***Kaffiveitingar eru í boði FAAS***

***Allir eru hjartanlega velkomnir***

***- Munum þá sem gleyma -***


# Býr til skart úr smáhlutum

Salka Þorra Svanhvítardóttir býr til skemmtilegt og einstakt skart undir heitinu Salkasvan og selur á samskiptavefnum Facebook. Salka er aðeins fjórtán ára gömul en segist hafa saumað og skapað með ömmu sinni frá tveggja ára aldri.

„Ég hef alltaf haft gaman af því að sauma og föndra. Amma mín er saumakona og ég hef saumað með henni síðan ég var tveggja ára gömul. Ég heimsæki hana alltaf á sunnudögum og einn daginn fann ég pínulitlar dúkkur heima hjá henni og datt í hug að það gæti verið flott að búa til eyrnalokka úr þeim,“ útskýrir Salka sem segist föndra skart úr hvers kyns smáhlutum. Sjálf getur hún ekki notað eyrnalokka og því datt henni í hug að mynda lokkana og setja á Facebook ef vera skyldi að öðrum litist á þá.

„Ég get ekki notað eyrnalokka en hélt kannski að annað fólk gæti viljað þetta. Ég hef selt þrjú pör hingað til.“

Salka er fjórtán ára gömul og í 9. bekk í grunnskóla. Hún er dóttir Svanhvítar Tryggvadóttur hárgreiðslukonu og stjúpdóttir Georgs Hólm tónlistarmanns. Aðspurð segist hún gjarnan vilja læra einhvers konar hönnun í framtíðinni. „Ég hef rosalega gaman af tísku og hönnun og myndi annað hvort vilja læra fata- eða skartgripahönnun, ég hef mest gaman af því.“

Innt eftir því hvort hún eigi sér önnur áhugamál en hönnun svarar hún játandi: „Ég hangi mest með vinum mínum en hef líka gaman af því að teikna.“

Þeir sem hafa áhuga á að skoða skartið hennar Sölku er bent á síðuna Salkasvan á Facebook. **- sm**



**SKAPANDI STÚLKA** Salka Þorra Svanhvítardóttir býr til skemmtilegt skart úr smáhlutum og selur á Facebook. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TENERIFE | NÁNAR Á UU.IS




# LENGJUM SUMARIÐ ÞVÍ NÚ FER AÐ HAUSTA!

Skoðaðu verðið hjá okkur til **Tenerife** í haust



## 10 dagar

BROTTFÖR 26. SEPTEMBER

**HESPREIA TROYA ****

VERÐDÆMI:

**129.900*,-**

*m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með hálfu fæði*



## 7 dagar

BROTTFÖR 13. OKTÓBER

**TROPICAL PLAYA *****

VERÐDÆMI:

**99.900*,-**

*m.v. 2 fullorðna í studioíbúð*

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | MEIRA Á **URVALUTSYN.IS**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Óskarverðlaunahafi á RIFF

Danski kvikmyndaleikstjórinn og Óskarsverðlaunahafinn **Susanne Bier** verður verðlaunuð fyrir framúrskarandi listfengi á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, í lok mánaðarins. Bier hlaut Óskarinn fyrir myndina Hævnen í fyrra. Af því tilefni verða þrjár myndir Bier sýndar á RIFF, Elska þig að eilífu, Eftir brúðkaupið og Hárlausi hárskerinn, en sú mynd var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrir tveimur vikum síðan og skartar þeim Pierce Brosnan og Trine Dyrholm í aðalhlutverkum. Bier mætir til landsins til að veita verðlaunum viðtöku þann 29. september en sama kvöld verður myndin sýnd og Bier situr fyrir svörum áhorfenda.



### Vinsælir sjóræningjar

Fjölmennt var í Borgarleikhúsinu á föstudagskvöldið er leiksýningin Gulleyjan var frumsýnd á stóra sviðinu. Kunnugleg andlit sátu í áhorfendasalnum að horfa á Björn Jörund Friðbjörnsson, Álfrúnu Örnólfsdóttur og Þórunni Clausen leika sjóræningja. Þar mátti meðal annars sjá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, Jóhann Sigurðsson leikara og Erlu Hlynsdóttur fréttakonu. Systkinin **Rakel Garðarsdóttir**, framkvæmdastjóri Vesturports, og Gísli Örn Garðarsson leikari létu sig heldur ekki vanta ásamt börnum sínum enda um fjölskylduskemmtun að ræða. *-áp*



### Mest lesið Vísir

1. Sprenging í Ofanleiti - einn mikið slasaður
2. Svaf af sér sáran barnsgrát
3. Hinn slasaði gekk sjálfur út
4. Ætluðu að safna fé fyrir klíkuforingja
5. Mesta sprenging sem sést hefur í langan tíma





